



# Þinggerð 53. ársþings

**19. - 21. febrúar 1999 - Hótel Loftleiðir, Reykjavík**

**Þinggerð 53. ársþings KSÍ,  
haldið á Hótel Loftleiðum, Reykjavík,  
19. - 21. febrúar 1999.**

**Þingið setti formaður KSÍ, Eggert Magnússon, 19. febrúar kl. 17:00 og mælti svo:**

Forseti ÍSÍ Ellert B. Schram,  
formaður Íþróttanefndar ríkisins Guðjón Guðmundsson,  
formaður ÍBR Reynir Ragnarsson,  
forráðamenn samstarfsaðila okkar.

**Ágætu þingfulltrúar og góðir gestir.**

Ég býð ykkur öll velkomin á 53. ársþing KSÍ, það fyrsta, sem haldið er í febrúar eftir breytingar þar að lútandi, sem gerðar voru á síðasta þingi á Akureyri. Það eru nú rúmir 14 mánuðir frá síðasta þingi og nú er starfsemi KSÍ í fyrsta sinni gerð upp miðað við áramót.

Ég flyt ykkur hér sérstakar kveðjur frá formanni sænska knattspyrnusambandsins Lars Åke Lagrell sem ætlaði að vera gestur okkar á þinginu, en sem því miður lagðist í heiftarlega flensu í gær og varð að afboða komu sína í þetta sinn.

**En ágætu félagar!**

Enn einu sinni erum við mætt á árlegt þing knattspyrnusambandsins. Það er ávallt viss tilhlökkun þegar ársþing nálgast að eiga í vændum að hitta alla félagana í hreyfingunni, og fá tækifæri til að ræða við þá um okkar sameiginlega áhugamál, knattspyrnuna. Þó við séum ekki alltaf sammála og deilum um áherslur og framkvæmd mála, þá sameinumst við öll um takmark okkar að gera knattspyrnuna á Íslandi betri og byggja upp sterka knattspyrnuhreyfingu.

Á ársþingi fer fram uppgjör á þeim hlutum, sem við höfum verið að vinna að á yfirstandandi ári og þar mótum við líka stefnuna fram á við. En ársþing er ekki bara umfjöllun um lög og reglur og starfsemina fyrr og nú og í framtíð. Það er vettvangur skoðanaskipta á göngum, í herbergjum, í kaffihléum og yfirleitt alls staðar þar sem tækifæri gefst meðan þing stendur yfir. Ef til vill er þetta ekki síður mikilvægt en þingstörfin sjálf. Menn kynnast, heyra sjónarmið annarra víðsvegar af landinu og eiga auðveldara með að starfa saman í hreyfingunni eftir að hafa kynnst og skipst á skoðunum.

Íþróttahreyfingin öll stendur á tímamótum. Framundan er ný öld með nýjum tækifærum, nýjum áherslum og nýjum sigrum. Hafa menn hugleitt að þetta er síðasta þing KSÍ á þessari öld. Hvað er framundan, hvað tekur við á nýrri öld? Hvernig mun knattspyrnan á Íslandi, já yfirleitt í Evrópu, heiminum, líta út árið 2025. Spyr sá sem ekki veit. Eitt er víst það eru spennandi tímar framundan, ný tækifæri, nýir sigrar og umfram allt nýjar áherslur að takast á við. Þó knattspyrnuhreyfingin sé í eðli sínu íhaldssöm er hún engu að síður raunsæ og þær breytingar sem gerðar hafa verið í tímanna rás hafa leitt gott af sér. Með það í huga fer ég í huganum inn í nýja öld, fullur af bjartsýni yfir áframhaldandi velgengni knattspyrnunnar, ekki bara á Íslandi heldur á heimsvísu. Okkar stóra lán er að hafa sterka vel uppbyggða og umfram allt mjög vinsæla íþrótt í höndunum.

En ágætu félagar, okkar ábyrgð er líka stór að halda áfram á sömu braut og nýta þau tækifæri sem gefast á nýrri öld. Er það ekki tímanna tákn að árið 1999, eru tvö knattspyrnufélög búin að stofna almenningshlutafélög utan um sinn rekstur á meistara- og 2. flokki karla. Hver hefði trúað því fyrir nokkrum árum að slíkt gæti gerst og allt hlutafé seldist upp og um tvöþúsund manns séu nú hluthafar í umræddum félögum. Hvað kemur næst? Hvað er framundan? Það er okkar að móta framtíðina með öruggu starfi í núinu. KSÍ og íslensk knattspyrna inn í nýja öld fyllir okkur öll eldmóði yfir nýjum tækifærum og nýjum sigrum í framtíðinni um leið og við getum horft með velþóknun til fortíðar og hins mikla starfs sem hefur skilað okkur því sem við búum við í dag. Kæru félagar förum samstíga, sameinaðir, bjartsýnir og umfram allt stoltir inn í nýja öld.

Nú fara í hönd þingkosningar í vor. Prófkjör hafa verið vítt og breitt um landið til undirbúnings kosningum. Ég nefni þetta hér í tilefni þess að formaður KSÍ fékk á sig mikla skammargrein í blaði á Austurlandi, fyrir að lýsa yfir eindregnum stuðningi við Albert Eymundsson í prófkjöri þar. Í framhaldi af því fór ég að hugsa þessi mál aðeins betur og þá ekki síst í íþróttapólitískum tilgangi. Ég hef haldið því fram oft áður bæði í ræðu og riti að íþróttahreyfingin á Íslandi njóti allt of lítils stuðnings frá ríki og sveitarfélögum í starfi sínu. Sem dæmi nefni ég að sá stuðningur sem KSÍ fær beint frá hinu opinbera er um 1% af umsvifum sambandsins. Þetta er auðvitað fráleitt miðað við knattspyrnusambönd í nágrannalöndum okkar, þar sem um mun meiri stuðning er að ræða frá hinu opinbera. Ég hef eins og ég sagði áður margofter bent á þetta og mér finnst reyndar furðulegt að stjórnámálamenn á Íslandi skuli ekki hafa gert sér grein fyrir því hvað knattspyrnufélögin, já og reyndar íþróttahreyfingin í heild, eru með mikið barna- og æskulýðsstarf. Við tökum við ungum börnum í knattspyrnskólum þar sem félögin eru með börnin allan daginn. Félögin taka við þeim þegar skólinn hættir á vorin og þetta er sambland af barnagæslu, knattspyrnu og íþróttaupveldi. Síðan erum við með þessi börn sem unglunga og sum þeirra enn lengur. Ef þetta er ekki heilbriggt æskulýðsstarf, sem stuðlar að því að unglingurinn verði heilbrigður þjóðfélagsþegn, þá veit ég ekki hvað heilbriggt æskulýðsstarf er. Ég veit af eigin reynslu hvað það eru margir foreldrar öruggir og ánægðir með sína unglunga í heilbrigðu íþróttastarfi nú á tímum sífellt aukinnar eiturlyfjaneyslu og ýmiss konar spillingar í þjóðfélaginu sem reyna að ná tökum á unga fólkinu okkar. Það er sönnuð staðreynd að unglingum sem stunda íþróttir er miklu minni hætta á að fara í óreglu og vímuefnaneyslu en hinum. Bara út frá þessum forsendum, hvað við erum að vinna mikið æskulýðsstarf, þá skil ég ekki hvers vegna stjórnámálamenn á Íslandi gera sér ekki grein fyrir því að láta meira fjármagn af hendi rakna til þessara mála.

Ég er stoltur yfir því að hafa stutt Albert Eymundsson í prófkjöri og vonast til að hann komist á þing. Á sama hátt er ég tilbúinn að lýsa yfir stuðningi við hvern þann sem vill komast á þing og hefur heilbrigðar skoðanir almennt og sér í lagi skynjar starfsemi og þarfir íþróttahreyfingarinnar. Ég er nefnilega á þeirri skoðun að íþróttahreyfingin verði nú að sýna af sér mun meiri pólitíska hörku, sem um leið er hafin yfir flokka. Við þurfum með skipulögðum hætti að aðstoða það fólk að komast á þing sem skynjar starfsemi og þarfir íþróttahreyfingarinnar. Ég fagna því þarfa átaki sem margir þrýstihópar hafa náð fram í þjóðfélaginu með markvissum vinnubrögðum. Nú síðast t.d. áhugafólk um byggingu tónleikahúss og nýtt fjármagn í íslenska kvikmyndagerð. En kæru félagar, ef við ætlum að fylgjast með verðum við að taka þátt í þessum leik af fullri hörku og beita þeim meðulum sem þarf, annars verður aldrei hlustað á okkur af alvöru. Okkar rödd og okkar skoðanir þurfa að hljóma margradda í sölum Alþingis. Við verðum að koma okkar skoðunum beint inn í ákvörðunartökuna um skiptingu fjármagnsins.

Eftir sameiningu ÍSÍ og ÓÍ í ein sterk samtök sem nú eru í mótun á sínum fyrstu starfsárum geri ég mér grein fyrir því að á næstu árum munu átökin innan íþróttahreyfingarinnar mjög beinast að afreksmálum og þeim peningum sem varið er til þeirra mála í gegnum Afreksmannasjóð. Það er ljóst að meiri fjármunir munu vera þar til ráðstöfunar í framtíðinni. Knattspyrnan er langvinsælasta

Íþrótt á Íslandi með langflestu iðkendur og Knattspyrnusamband Íslands ver miklum peningum árlega í uppbyggingu á hæfileikafólki framtíðarinnar með starfi að hæfileikamótun og öllum þeim fjölda landsleikja sem yngri landsliðin okkar spila. KSÍ er nú með 3 yngri landslið karla og 3 yngri landslið kvenna. Auðvitað á að meta allt þetta starf þegar úthlutað er fjármagni íþróttahreyfingarinnar. Er hægt að tala um mikið stærra afrek hjá lítilli þjóð en að gera jafntefli við sjálfa heimsmeistarana í alvöru keppnisleik í vinsælustu íþróttagrein heimsins. Ég spyr af gefnu tilefni, því eins og reglur Afreksmannasjóðs eru í dag er ekki tilefni að verðlauna slíkan árangur með framlagi úr sjóðnum. En ágætu félagar, ég veit að þið eruð allir sammála mér þegar ég segi, þessum reglum verður að breyta. Þetta er liður í íþróttapólitík sem knattspyrnuhreyfingin þarf að beita miklu sterkar í framtíðinni með sínu fólki og því íþróttafólki sem á samleið með okkur á íþróttahringum. Við sættum okkur ekki við annað en fá okkar réttu hlutdeild í sameiginlegum peningum íþróttahreyfingarinnar.

### Ágætu þingfulltrúar!

Það var að vanda mikið líf og fjör á knattspyrnuvöllum vítt og breytt um landið á síðustu leiktíð. Sérlega ánægjuleg var sú staðreynd að annað árið í röð varð umtalsverð áhorfendaaukning í efstu deild karla, Landssímadeildinni. Því er ekki að neita að aukningin kom á óvart, þegar horft er á þá staðreynd að HM í Frakklandi fór fram um mitt sumar og stóð í heilan mánuð og aldrei hafa verið sýndir fleiri beinir sjónvarpsleikir, stundum margir á dag. En meginástæðan fyrir þessari áhorfendaaukningu er fyrst og fremst sú mikla spenna, sem var bæði á toppi og botni Landssímadeildar frá fyrsta til síðasta leiks. Eins tel ég að markvissara starf margra félaga að markaðsmálum og meiri umfjöllun fjölmiðla auk talsverðrar aukningar í beinum sjónvarpsútsendingum frá Landssímadeildinni hafi haft jákvæð áhrif. En við þurfum að halda áfram af fullum krafti að vinna að markaðsmálum knattspyrnunnar og gera okkar vöru, fótboltann, sífellt eftirsóknarverðari og eins að ala upp neytendur framtíðarinnar. Það eru miklir hagsmunir okkar allra, að starfið að markaðsmálum knattspyrnunnar verði enn eflt.

Ég óska öllum til hamingju sem unnu til verðlauna og sigra á liðnu keppnistímabili. ÍBV, Eyjamenn eru lið ársins í karlaboltanum, unnu “the double” það er tvöfalt, í Landssímadeild og Coca-Cola bikar og höfðu á að skipa langbesta liði ársins 1998. Glæsilegur árangur, til hamingju Eyjamenn. Í Meistaradeild kvenna sigraði KR með glæsibrag og ekki var spurning að KR-stúlkur voru besta kvennalið landsins 1998. Til hamingju KR stúlkur. Breiðabliks stúlkur áttu líka gott keppnistímabil og sigruðu bæði í Coca-Cola bikar kvenna og Deildarbikarkeppni kvenna. Upp í Landssímadeild koma aftur gamlir kunningjar þ.e. Breiðablik og Víkingur. Víðir og Dalvík færast upp í 1. deild og Sindri og Léttir í fyrsta skiptið upp í 2.deild. Grindavík færast upp í Meistaradeild kvenna. Deildarbikarinn staðfesti enn einu sinni tilverurétt sinn og vinsældir á liðnu tímabili. Hann er eitt af stóru framfaraskrefunum í íslenskum fótbolta á síðustu árum. Deildarbikarmeistarar karla 1998 voru KR-ingar.

### Sjónvarpssamningar.

Eins og fram kom á síðast ársþingi gerði Knattspyrnusamband Íslands og UFA nýjan 4 ára samning um sjónvarpsréttindi seinni hluta árs 1997. Þessi samningur er KSÍ hagstæður og tryggir sambandinu fastar og öruggar tekjur á þessu 4 ára tímabili. Til útskýringar er UFA stórt þýskt fyrirtæki með margbreytilega starfsemi eins og sjónvarpsrekstur RTL, útgáfustarfsemi, kvikmyndagerð og fleira og er sjónvarpsréttardeildin hluti af þessum fjölmiðlarisa.

Frá árinu 1994 höfum við verið í samstarfi við UFA og hefur það reynst KSÍ vel. Eins hafa mörg íslensk félög í Evrópukeppnum átt ágætt samstarf við UFA vegna sjónvarpsréttinda í leikjum þeirra

í Evrópukeppnum. Eitt af skilyrðunum sem KSÍ setti við gerð nýja samningsins var að UFA keypti líka sjónvarpsréttinn á íslenskri knattspyrnu þ.e. deild og bikar til 4-ára. Ástæðan fyrir því að þessi leið var farin var einfaldlega sú að við sáum fram á að sjónvarpsréttindin í íslenska boltanum yrðu aldrei seld á sannvirði, nema að allur pakkinn yrði seldur saman og einkaréttur um leið ef ósk væri um það. Það skal upplýst hér að það var mjög erfitt að selja, ég vil frekar orða það, það þurfti að þröngva þessum pakka inn á Þjóðverjana en það tókst. Frá sjónarhóli UFA voru það leikir íslenska landsliðsins á heimavelli sem var okkar söluvara. Frá okkar sjónarhóli gagnvart UFA var það: þið kaupðið allan pakkann eða ekkert. En sigurinn var ekki allur unninn með undirskrift samningsins, því auðvitað átti eftir að selja pakkann til Íslands og það var að sjálfsögðu einlæg ósk okkar allra og krafa að íslenskur bolti yrði sýndur í íslensku sjónvarpi.

Nú tók við margra mánaða samningalota milli UFA og íslensku sjónvarpsstöðvanna, sem endaði með því að RÚV keypti pakkann þegar komið var fram í 3. umferð Landssímadeildarinnar. Áróðurinn sem fjölmiðlarnir og þá einkum sjónvarpstöðvarnar og þær útvarpsstöðvar sem þeim eru tengdar beittu gegn KSÍ og íslenskri knattspyrnu á þessum tíma voru hreint ótrúlegar. Rangtúlkanir, blekkingar, útrúsnúningar á staðreyndum og hreinar lygar máttum við búa við að fá úr þessum herbúðum á þessum tíma. Þetta var hreint ótrúlegt en kom ef til vill ekki á óvart og sama hafði t.d. sænska knattspyrnusambandið og kollegi minn, sem hér ætlaði að vera í dag, mátt ganga í gegnum ári fyrr. En í lokin sigraði réttvísinn, íslensk knattspyrna hafði að mínu mati unnið stóran réttlátan áfangasigur í þessari baráttu sem þó er aðeins fyrsta skrefið á lengri leið. Ég vil hér sérstaklega þakka ykkur forystumönnum einkanlega formönnum í Landssímadeildinni fyrir að standa allir heils hugar á bak við KSÍ í þessu máli frá byrjun til enda þó ýmsir fjölmiðlar hafi ítrekað reynt að sundra fylkingunni. Enn einu sinni sýndi hér knattspyrnan sameinaðan styrk sinn. Ég er ekki í vafa um að þessi átök eru til góðs fyrir íslenska knattspyrnu og skila strax umtalsvert meiri peningum og líka miklu meiri umfjöllun og beinum útsendingum sem skilar fleiri áhorfendum á vellina til lengdar.

### **Ágætu þingfulltrúar!**

Í kjölfar þess sem ég hef hér upplýst þingheim um átök við gerð nýrra sjónvarpssaminga á liðnu ári þarf ég að bæta hér nokkru við. Knattspyrnusamband Íslands hefur undanfarin ár átt því láni að fagna að hafa tekist að gera sjónvarpsréttarsamninga v/landsleikja við erlenda aðila. Það má segja að fyrsti stóri samningurinn hafi verið gerður 1990. Undanfarin ár hafa þessir sjónvarpssamningar verið að skila milli 25-30% af tekjum sambandsins á hverju ári þannig að þið sjáið að starfsemi KSÍ er mjög háð því að vel takist til í þessum samningum. Því geri ég þetta að sérstöku umtalsefni hér að ég tel ýmsar blikur á lofti í þessu sambandi á næstu árum. Staðreyndin í sjónvarpsréttarmálum er sú, og ég bið ykkur að taka nú vel eftir 80-85% af tekjum v/sjónvarpsréttar í Evrópu koma frá 5 löndum: Þýskaland, Frakkland, Spánn, Ítalía og England. Og takið nú vel eftir við erum að tala um 51 þjóð sem eru meðlimir í UEFA. Til fróðleiks langar mig líka að upplýsa ykkur að þegar við horfum á tekjur af fótboltanum á heimsvísu þá verða um 90% af heimstekjum fótboltans til í Evrópu. Ótrúlegt en satt 90% og af þeim er 85% í 5 löndum. Nú er sú umræða í gangi á fullu hjá sumum af meiri alvöru en öðrum að þjóðir í undankeppni HM og EM verði skipt niður eftir styrkleika og lakari þjóðirnar spili fyrst um rétt til að fá að taka þátt í riðlum sem veita rétt til úrslitakeppni HM og EM. Þessi hætta er til staðar og kemur ekki síst frá stóru ríku félögum í þessum fimm löndum, sem vilja fækka leikjum hjá viðkomandi landsliði til að þurfa ekki að lána sína dýru leikmenn í of marga landsleiki. Þessi umræða er í gangi og ég er hræddur við hana, okkur þ.e. smærri þjóðunum tekst að standa á móti þessu enn um stund en spurningin er hversu lengi.

En stóra málið fyrir mér með þessari umræðu er að upplýsa ykkur um að ég hef áhyggjur af möguleikum KSÍ eftir 3 ár varðandi eins góðan sjónvarpsréttasamning og við höfum haft undanfarið. Við erum að tala um alvarlegt mál þ.e. 25% af tekjum sambandsins árlega. Ég tel

nauðsynlegt fyrir knattspyrnusambandið að huga að því á næstu árum að leggja árlega fyrir í sjóð þ.e. mynda nýjan sjóð sem nemi allt að 25 milljónum króna í árslok 2001 vegna óvissu um tekjur v/sjónvarpsréttar í framtíðinni. Ef síðan kæmi í ljós að KSÍ næði aftur hagstæðum sjónvarpssamningi yrði þessi sjóður notaður í eitthvað sameiginlegt átak innan knattspyrnuhreyfingarinnar og yrði það þá ákvörðun þeirra sem verða við stjórnvölinn á þeim tímapunkti. Í fjárhagsáætlun þessa árs er ekki gert ráð fyrir að peningar renni í þennan sjóð, en fyrir næsta þing verður að skapa fjármuni til þess.

### **Landsliðsmál.**

Ég ætla að byrja á því að rifja upp nokkuð af því sem ég sagði um A-landslið karla á síðasta þingi á Akureyri. „Undanfarin ár höfum við átt á brattann að sækja í A-liði karla. Árangurinn hefur einfaldlega ekki verið nógu góður.” Síðan ræddi ég um brottvikingu þjálfara og ráðningu Guðjóns Þórðarsonar og sagði síðan orðrétt: „Nú þarf að snúa þessari neikvæðu ímynd við og nota tímann vel til að skapa frið og ró í kringum landsliðið og byrja nýtt keppnistímabil á rólegum nótum. Tíminn er nú runninn upp að snúa döprum árangri landsliðsins hægt og bítandi við og um leið auka áhuga almennings á liðinu. Þær kröfur gerum við á næsta ári. Við getum betur, það er ekki spurning.” Ég rifja þetta upp hér fyrir ykkur ágætu félagar því mínar vonir og væntingar á síðasta ársþingi varðandi A-landslið karla hafa ræst. Árangurinn í nýhafinni Evrópukeppni hefur verið framar öllum vonum og að mörgu leyti ævintýri líkastur. Jafnteflið við heimsmeistara Frakka á fullskipuðum Laugardalsvelli með tveimur lánsstúkum sem sköpuðu einstaka umgjörð um þennan leik er nokkuð sem enginn gleymir sem upplifði þvílíka stemmingu, þvílík upplifun, þvílíkur árangur. Gerum okkur fyllilega grein fyrir þessum frábæra árangri við nýkrýnda heimsmeistara í alvöru keppnisleik í vinsælustu íþrótt heims. En því miður ekki nægilega mikið afrek til að réttlæta fjárframlag úr Afreksmannasjóði. Ég ætla ekki að þreyta ykkur hér á upptalningu á því sem Afreksmannasjóður styrkir, en þetta var allavegna ekki nægilegur árangur, svona vitlausum ég endurtek vitlausum reglum þarf að breyta. Ég segi nú bara eins og sonur minn, unglíngurinn sagði “my god”, hvað eru þeir að hugsa. En 5 stig að loknum 3 leikjum í Evrópukeppni gefur okkur byr undir báða vængi varðandi næstu leiki. En það er jafnframt ljóst að það bíður erfitt verkefni okkar ágæta landsliðsþjálfara Guðjóns Þórðarsonar að fylgja þessum árangri eftir í ár. En ég hef fulla trú á að þessi frábæri hópur sem nú er þungamiðja í landsliði Íslands, skili okkur góðum árangri á þessu ári. Það vantar ekki karakter og einbeitingu í þann hóp.

A-landslið kvenna stóð sig ágætlega á árinu og tókst ætlunarvek sitt sem var mjög mikilvægt fyrir íslenska kvinnaknattspyrnu að vera í A-hópi landsliða í Evrópu eftir að undankeppni HM í USA var lokið. Árangur A-liðs kvenna var verðlaunaður með eins milljón króna framlagi úr Afreksmannasjóði, sem við erum stoltir og ánægðir með. Liðið á mjög erfitt verkefni fyrir höndum á næstu 2 árum og lenti í erfiðum riðli í EM þ.e. með Þýskalandi, Ítalíu og Úkraníu. Nýráðinn þjálfari A-liðs og U-21 kvenna er Þórður Georg Lárusson og við bjóðum hann velkominn til starfa. Yngri landslið karla og kvenna náðu öll ágætum árangri á árinu og þar er víða góður efniviður fyrir framtíðina. Uppbygging yngri landsliða KSÍ er mjög markviss undir handleiðslu hæfra landsliðsþjálfara. Eitt nýtt lið tekur þátt í Evrópukeppni á þessu ári og er þar um að ræða U-18 kvenna. Enn bætast við ný landslið en nánar að því síðar.

## NM U-16 á Akureyri.

A síðasta ári héldum við opna Norðurlandamótið í U-16 ára pílta á Akureyri. Þátt tóku allar Norðurlandapjóðirnar 6 auk Engendinga og Íra. Þetta mót tókst mjög vel í alla staði og framkvæmd þess var hnökralaus. Starfsfólk og ýmsir stjórnarmenn KSÍ eru reyndar orðnir mjög skólaðir í slíkri framkvæmd eftir mörg stórmót á undanförunum árum m.a. EM U-18 1997. Á þessu ári höldum við opna NM U-21 kvenna hér á Reykjavíkursvæðinu með þátttöku Norðurlandapjóða auk Þýskalands, Bandaríkjanna og Ástralá.

## Fjármál KSÍ.

Rekstur KSÍ er víðamikill eins og þið ágætu þingfulltrúar sjáið á reikningum sambandsins. Ánægjulegt var að geta nú í fyrsta skipti sent reikninga og áætlanir KSÍ til sambandsaðila viku fyrir þing, þannig að þingfulltrúar hafa nú haft aðstöðu til að skoða reikningana áður en þing hófst. Hvað varðar rekstur KSÍ er hann í jafnvægi þ.e. hagnaður er rúmlega 3 milljónir króna, sem er 11 milljónum króna pósítífur viðsnúningur frá síðasta ári, sem ég held að allir séu ánægðir með. En ég endurtek hér það sem ég sagði mjög alvarlega á síðasta þingi á Akureyri; Það þarf sífellt að standa á bremsunni varðandi útgjöld ef tekjur eiga að nægja fyrir útgjöldum. Formaður og framkvæmdastjóri KSÍ hafa oft á síðasta ári þurft að segja nei og aftur nei við hinum ýmsu bónum við mismunandi skilning þeirra aðila sem í hlut eiga. En það þarf verulegt og stöðugt aðhald í rekstri KSÍ til að ná útkomu sem er í jafnvægi. Þær stærðir sem skipta miklu máli fyrir starfsemi eins og KSÍ stendur fyrir þ.e. greiðslu og skuldastaða eru hagstæðar. Veltufjárstuðull nú er 5,67 en var í fyrra 2,75 sem þykir mjög gott. Hvað varðar fjárhagsáætlun næsta árs legg ég áherslu á að þingið móti hana með okkur. Það er þetta þing sem tekur ákvörðun um hana og um leið stefnumótun næsta árs.

Það er rétt að staldra aðeins við fjármálin og horfa til næstu framtíðar. Ég tel að tekjurammi KSÍ sé að vissu leyti sprunginn, ég sé ekki að tekjur aukist neitt að ráði næstu 4 ár. Eina sem hugsanlega gæti bæst við þar eru auknar tekjur v/heimalandsleikja á Laugardalsvelli það er betri árangur þýði fleiri áhorfendur sem aftur þýðir auknar tekjur. En þetta eru vonarpeningar og gengið er fallvalt í þessum eignum eins og við þekkjum. Nú erum við í þeirri stöðu að tekjur og gjöld 1998 og samkvæmt áætlun 1999 eru nánast í jafnvægi. Þetta þýðir að fjárhagur sambandsins þoli enginn skakkaföll þá er KSÍ komið í verulegt tap. Horft til framtíðar eins og ég sé í dag þýðir þetta einfaldlega að verkefni eru orðin of mörg fyrir tekjur sambandsins að standa undir. Það er ekkert leyndarmál að við sem stöndum í þessari daglegu fjármálaþráttu í KSÍ var vandi á höndum þegar áætlun 1999 var gerð. Við okkur blasti hreinlega að þurfa að skera niður hið nýja lið þ.e. þátttöku U-18 kvenna í Evrópukeppni sem kostar KSÍ væntanlega rúmlega 4 milljónir. Málið var komið of langt og það blasti við okkur að eiga á hættu að fá verulega sekt frá UEFA ef við hefðum dregið okkur út úr keppni. En ég sé fyrir mér að strax á þessu ári stöndum við frammi fyrir erfiðum ákvörðunum um hugsanlegan niðurskurð á verkefnum ef ekki koma til auknar tekjur á heimalandsleikjum. Ábyrgð okkar sem fylgjumst með fjárreiðum KSÍ er að meta þessa stöðu kalt og skynsamlega og láta ekki vonarpeninga og órökstudda gagnrýni hindra okkur í réttum ákvörðunum sem varða framtíðarrekstur KSÍ. Reksturinn á Laugardalsvelli er neikvæður á síðasta ári og kemur þar margt til. Tekjurnar voru minni á síðasta ári en eðlilegt má teljast t.d. enginn Evrópuleikur. Reksturinn var líka dýrari en við gerðum ráð fyrir og það munum við skoða núna sérstaklega. Kostnaður vegna frjálsþróttafólks er t.d. mun meiri en okkur hafði verið gerð grein fyrir við yfirtöku á vellinum og þar munum við krefjast réttlætningar á hjá Reykjavíkurborg. Þá er einnig ljóst að vaxta- byrðin á láninu sem tekið var á mjög hagstæðum vöxtum í svissnesku frönskum er mest í byrjun og stig lækkar með hverju ári. Nú hefur Búnaðarbanki Íslands ákveðið að lækka vexti á því láni úr 3,57% í 3,32% sem er lækkun um 0,25% sem þýðir 1 milljón króna lækkun á ársgrundvelli. Ég vil nota tækifærið hér og þakka Búnaðarbankanum og sérstaklega Sóluni

Sigurðssyni bankastjóra sem hér er staddur, fyrir lipur samskipti og góðan skilning í sambandi við fjármögnun þeirra á framkvæmdum KSÍ á Laugardalsvelli. Einnig er á það að líta að gjöldin ná yfir 14 mánaða tímabil en tekjurnar bara yfir 12 mánaða tímabil, sem munar um 3 milljónum króna inni tekjur Laugardalsvallar. En við þurfum að halda vel á spilunum hvað varðar rekstur á Laugardalsvelli á næsta ári til að ná jafnvægi.

### **Hlutafélög og knattspyrna.**

Tvö gömul og rótgróin knattspyrnufélög stigu stórt skref inn í nýja öld á þessu ári með breytingu á rekstarstarfsemi meistara og 2. flokks karla þ.e. KR og Fram stofnuðu hlutafélög um þennan rekstur og seldu almenningi hlutafé og eru nú um 1100 hluthafar í KR og um 500 hluthafar í Fram. Þetta er vissulega spennandi nýjung, sem gaman verður að fylgjast með. Á morgun verður haldið sérstakt málþing um þetta mál þar sem fulltrúar KR og Fram skýra frá stofnun og undirbúningi hlutafélaganna og mun lög-fræðingur KSÍ Sigurður G. Guðjónsson skýra frá lögfæðilegu álitum gagnvart KSÍ og Íþróttahreyfingunni. Einnig ætlaði formaður sænska knattspyrnusambandsins að skýra frá reynslu Svía af þessu máli, en hann er því miður forfallaður, eins og ég hef skýrt þingheimi frá. Ég tel víst að mönnum leiki forvitni á að vita um og fylgjast með þessari nýjung í íslenskri knattspyrnu og margar spennandi spurningar brenni á vörum ykkar varðandi þessi mál. Vonandi fæst svar við þeim á morgun.

KR, gamla góða KR á 100 ára afmæli í ár. Það er vissulega stór stund og merkur áfangi hjá þessu stóra og öflugum knattspyrnufélagi. Þing knattspyrnusambandsins sendir félaginu bestu kveðjur í tilefni afmælisins með von um bjarta framtíð.

### **Góðir þingfulltrúar.**

Fyrir þessu 53. ársþingi liggur svipaður fjöldi mála og á undanförunum þingum. Það er reyndar furðulegt hvað endalaust virðist hægt að leggja fram nýja tillögu á KSÍ-þingum. Það sýnir vel kraftinn í hreyfingunni. En ég spái því að málum fækki á næstu þingum. Það er ekki endalaust hægt að bæta og breyta og menn breyta ekki breytinganna vegna. KSÍ ársþing taka ákvarðanir um stefnu og starf næsta starfsárs. Gleymum ekki að starfsemi KSÍ er hluti af stórri hreyfingu, knattspyrnuhreyfingunni. Gleymum ekki að félögin eru sambandið. Sambandið er félögin, svo einfalt er þetta mál. Hvorugt getur án hins verið. Okkar hagsmunir fara alls staðar saman að lokum.

Það er styrkur að KSÍ skuli vera öflugt vel rekið sérsamband með augljósa yfirburði á mörgum sviðum í íslensku íþróttalífi. Það kemur vissulega öllum innan knattspyrnuhreyfingarinnar til góða og við sameinust í þeirri kröfu að KSÍ sé ávallt sterkt og vel rekið samband. Um það erum við öll sammála. Þó okkur greini á um leiðir og aðferðir í ýmsum málum á hverjum tíma, erum við alltaf með grundvallaratriðin á hreinu.

Á þessu ársþingi verður að vanda tekist á um ýmis mál. Hreinskiptar umræður þar sem tekist er á af sanngirni og víðsýni gera okkur sterkari sem hreyfingu. Mál verður að ræða frá öllum hliðum og finna lausnir sem byggjast á hagsmunum heildarinnar. Það á að vera líf og fjör í störfum ársþinga, það eru góð þing sem geislar af og skilja eitthvað eftir fyrir framtíðina.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka stjórnarmönnum í KSÍ góð störf. Starfsfólki skrifstofu undir öruggri stjórn framkvæmdastjóra þakka ég vel unnin störf. Nefndarmönnum öllum í KSÍ þakka ég góð störf. Síðast en ekki síst þakka ég ykkur þingfulltrúum og forystumönnum í íslenskri knattspyrnu ykkar heilladrjúgu og góðu störf í þágu hreyfingarinnar á þessu starfsári.



Nú bið ég ykkur að bretta upp ermar og takast á við þau störf sem bíða úrlausnar á þessu þingi. Hér störfum við saman af drenglyndi og heilindum.

53. ársþing KSÍ er sett.

---

**Formaður KSÍ veitti Skapta Hallgrímssyni viðurkenningu sem „knattspyrnupenni ársins“.**

- Skapti Hallgrímsson tók til máls og þakkaði fyrir þann heiður sem sér væri sýndur með þessari viðurkenningu.

---

**Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:**

Árni Þórðarson, formaður, ÍBR  
Rúnar Arnarson, ÍRB  
Gísli Bjarnason, UMSE

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

---

**Formaður gerði tillögur um 1. og 2. þingforseta:**

1. þingforseti: Sveinn Jónsson
2. þingforseti: Árni Þórðarson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki.

1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

---

**Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:**

1. þingritari: Ingvi Guðmundsson
2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

---

**Ávörp gesta**

Ellert B. Schram flutti kveðju frá Íþróttá og Ólymíusamband Íslands.

**Formaður KSÍ flutti skýrslu stjórnar sem lögð var fram á þinginu.**

Hann stiklaði á stóru í starfsemi KSÍ á árinu.

---

**Framkvæmdastjóri KSÍ, Geir Þorsteinsson**, fór yfir dagskrá þingsins og ýmis atriði sem tengdust þinghaldinu.

---

**Gjaldkeri KSÍ, Elías Hergeirsson**, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.

---

**Álit kjörbréfanefndar**

- Árni Þórðarson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HSK (2): Guðmundur Gunnarsson og Ólafur G. Magnússon.

Frá ÍA (4): Benjamín Jósefsson, Ólafur R. Guðjónsson, Smári Guðjónsson og Sæmundur Víglundsson.

Frá ÍBA (3): Jón Pétur Róbertsson, Sigmundur Þórisson og Örn Pálsson.

Frá ÍBH (7): Berglind Friðþjófsdóttir, Bergþór Jónsson, Brynja Guðjónsdóttir, Hafsteinn Ellertsson, Jóhannes Skarphéðinsson, Jón Vigfússon og Viðar Halldórsson.

Frá ÍBR (29): Gunnar Guðjónsson, Púriður Guðnadóttir, Árni Þór Freysteinnsson, Guðjón Ármann Jónsson, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Pétursson, Árni Guðmundsson, Páll Á. Pálsson, Elísabet Tómasdóttir, Þórarinn Gunnarsson, Eggert Þór Kristófersson, Pétur Örn Sigurðsson, Þorsteinn Ólafsson, Guðmundur H. Pétursson, Eiríkur Einarsson, Haraldur Haraldsson, Þórir Georgsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Gissur Jóhannsson, Gunnar Ólafsson, Ólafur Morthens, Guðmundur Vignisson, Þorsteinn Snædal, Steinn Halldórsson, Ámundi Halldórsson, Alfred Alfredsson, Arnar Ólafsson, Þorsteinn Ólafs og Birgir Sigdórsson.

Frá ÍBS (2): Sigurður Árni Leifsson og Sigurður Helgason.

Frá ÍBV (4): Gestur Magnússon, Jóhannes Ólafsson, Tryggvi Kr. Ólafsson og Þorsteinn Gunnarsson.

Frá ÍRB (4): Grétar Ólafsson, Rúnar Arnarson, Steinbjörn Logason og Kjartan Másson.

Frá ÍS (5): Bjarni Andrésson, Guðmundur Pálsson, Jón Guðmundsson, Jónas Þórhallsson og Sigurður Gunnarsson.

Frá UÍA (9): Björgvin Mór Hansson, Björgvin R. Einarsson, Guðmundur Ingvason, Halldór Ásgeirsson, Hákon Viðarsson, Róbert Haraldsson, Valgeir Kjartansson, Veigur Sveinsson og Víglundur Gunnarsson.

Frá UÍÓ (1): Þorsteinn Þorvaldsson.

Frá UMSB (3): Haraldur H. Guðbrandsson, Jón Georg Ragnarsson og Sigurgeir Erlendsson.

Frá UMSE (2): Gísli Bjarnason og Snorri Finnlaugsson.

Frá UMSK (12): Ásgrímur Helgi Einarsson, Guðbjörn Þór Ævarsson, Andrés Pétursson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Jónas Már Fjelsted, Júlíus Stefánsson, Páll Bragason, Pétur Björn Pétursson, Sigmundur Hermundsson, Sverrir D. Hauksson, Sævar Björnsson og Valdimar Leó Friðriksson.

Frá UMSS (2): Jóhann Sigmarsson og Ómar Bragi Stefánsson.

Frá USÚ (2): Árni Þorvaldsson og Björn Guðbjörnsson.

Frá USVH (1): Jón Guðbjörnsson.

Enginn mætti frá HHF, HSB, HSH, HSS, HSP, HVÍ, ÍBÍ, UDN, UNP, USAH og USVS.

Fyrirnefndir fulltrúar mættu til þings og voru kjörbréf þeirra samþykkt.

---

**Engar umræður urðu um reikninga KSÍ og voru þeir samþykktir samhljóða.**

---

**Kosning í þingnefndir. Eftirtaldir voru sjálfkjörnir:**

**Allsherjarnefnd**

Páll Bragason, formaður, UMSK  
Þorsteinn Gunnarsson, ÍBV  
Guðjón Guðmundsson, ÍBR  
Víglandur Gunnarsson, UÍA  
Alfreð Alferðsson, ÍBR  
Ómar Smáráson, starfsmaður

**Fjárhagsnefnd**

Andrés Pétursson, formaður, UMSK  
Árni Freysteinnsson, ÍBR  
Jónas Þórhallsson, ÍS  
Sæmundur Víglundsson, ÍA  
Ólafur Morthens, ÍBR  
Pálmi Jónsson, starfsmaður

**Laganefnd**

Þórarinn Gunnarsson, formaður, ÍBR  
Sverrir Hauksson, UMSK  
Guðmundur H Pétursson, ÍBR  
Björn Guðbjörnsson, USÚ  
Ómar Bragi Stefánsson, UMSS  
Klara Bjartmarz, starfsmaður

**Leikreglanefnd**

Björn Friðbjólfsson, formaður, UMSE

Elísabet Tómasdóttir, ÍBR

Eggert Þór Kristófersson, ÍBR

Rafn Hjaltalín, ÍBA

Jón Vigfússon, ÍBH

Birkir Sveinsson, starfsmaður

**Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 29**

Tillögur á þingskjölum 6 til 29 voru bornar upp og ræddar á föstudagskvöld og vísað til nefnda. Þinginu var síðan frestað um kl. 23:00 sama kvöld og afgreiðsla tillagna fór fram á sunnudegi frá kl. 10:00. Tillaga á þingskjali númer 23 var dregin til baka af flutningsaðilum og kom því ekki til umræðu á þinginu. Sama á við um hluta tillagna á þingskjali númer 14.

**Þingskjal 6**

- Elías Hergeirsson hafði framsögu.

**Fjárhagsáætlun KSÍ 1999**

<b>Rekstrartekjur</b>	Skýr.	
Framlög og styrkir	1	81.400.000
Tekjur af landsleikjum		13.500.000
Tekjur af mótum		8.421.000
Sjónvarpsréttur og styrkir		33.136.500
Tekjur af fræðslu og ráðst.		1.725.000
Aðrar tekjur		9.740.000
Rekstrartekjur alls		147.922.500
<b>Rekstrargjöld</b>		
Yfirstjórn	2	32.315.000
Kostnaður við landslið	3	84.301.000
Kostnaður við mót	4	14.200.000
NM U21 kvenna		2.000.000
Annar rekstrarkostnaður	5	15.730.000
Rekstrarkostnaður alls		148.546.000
<b>Tap án fjármagnsliða</b>		623.500
<b>Fjármagnsliðir</b>		
Vaxtatekjur		4.000.000
Vaxtagjöld		700.000
Fjármagnsliðir alls		3.300.000
<b>Hagnaður ársins</b>		2.676.500

**Skýringar****Nr. 1 Styrkir og framlög**

ÍSí	2.400.000
Íslensk getsþá	7.000.000
Íslenskar getraunir	4.500.000
Norræni menningarmálasjóðurinn	500.000
FIFA styrkir	17.500.000
UEFA styrkir	15.000.000
Ýmsir styrkir	34.500.000
Styrkir og framlög	81.400.000

**Nr. 2 Yfirstjórn**

Laun og tengd gjöld	18.540.000
Vinnutap og bifreiðakostn. formanns	1.080.000
Annar kostnaður við yfirstjórn	12.695.000
Yfirstjórn og húsn. kostn.	32.315.000

**Nr. 3 Landslið**

A-landslið karla	40.350.000
U-21 landslið karla	9.750.000
U-18 landslið karla	6.035.000
U-16 landslið drengja	5.650.000
A-landslið kvenna	6.347.000
U-21 landslið kvenna	2.015.000
U-18 landslið kvenna	4.038.000
U-17 landslið stúlkna	3.116.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	7.000.000
Kostnaður við landsleiki	84.301.000

**Nr. 4 Mótakostnaður**

Dómaralaun	9.200.000
Annar mótakostnaður	5.000.000
Kostnaður við mót	14.200.000

**Nr. 5 Annar rekstrarkostnaður**

Fræðslukostnaður	6.300.000
Dómarakostnaður	3.950.000
Mannvirkjakostnaður	300.000
Rekstur húsnæðis	1.450.000
Ýmis kostnaður	3.730.000
Annar rekstrarkostnaður	15.730.000

**Laugardalsvöllur****Rekstrartekjur**

Framlög Reykjavíkur vegna framkvæmda	24.000.000
Húsaleiga og æfingastyrkir ÍBR	6.600.000
Tekjur af landsleikjum	3.000.000
Tekjur af Coca-Cola bikarkeppni	800.000
Tekjur af Landssímadeildinni	1.000.000
Tekjur af Evrópuleikjum	500.000
Flóðljós - ljósatafla - hljóðkerfi	500.000
Aðrar tekjur	2.200.000
Rekstrartekjur alls	38.600.000

**Rekstrargjöld**

Laun og tengd gjöld	9.142.512
Almennur rekstrarkostnaður	3.695.000
Rekstur mannvirkja	4.050.000
Önnur gjöld	200.000
Afskriftir	17.500.000
Rekstrarkostnaður alls	34.587.512

**Hagnaður fyrir fjármagnsliði** 4.012.488

**Fjármagnsliðir**

Fjármunatekjur	3.000.000
Fjármagnsgjöld	7.040.000
Fjármagnsliðir alls	4.040.000

**Tap ársins** 27.512

**Stjórn KSÍ**

Tillögunni var vísað til fjárhagsnefndar.

- Álit fjárhagsnefndar flutti Andrés Pétursson.

Nefndin lagði til að fjárhagsáætlun á þingskjali 6 yrði samþykkt.

**Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.**

## Þingskjal 7

- Framsögu hafði Halldór B Jónsson.

### Tillaga um breytingu á lögum KSÍ

#### Lögin orðist þannig:

#### I Heiti og tilgangur

##### 1. grein.

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) er æðsti aðili um öll knattspyrnumál á Íslandi. Aðsetur sambandsins og stjórnar þess skal vera í Reykjavík.

##### 2. grein.

- 1 KSÍ er aðili að
  - a. Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍÍÍ),
  - b. Knattspyrnusambandi Evrópu (UEFA),
  - c. Alþjóðaknattspyrnusambandinu (FIFA).
- 2 Reglur og ákvarðanir ÍÍÍ, UEFA og FIFA eru bindandi fyrir KSÍ, aðila að KSÍ, félög, leikmenn, dómara, þjálfara og forystumenn.

##### 3. grein.

KSÍ er samband sérráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga og eiga öll félög innan ÍÍÍ, er iðka og keppa í knattspyrnu, rétt á aðild.

##### 4. grein.

- Hlutverk KSÍ er í meginatriðum
- a. að hafa yfirstjórn allra íslenskra knattspyrnumála,
  - b. að standa fyrir knattspyrnumótum á Íslandi,
  - c. að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu,
  - d. að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnu á Íslandi.

#### II Skipulag

##### 5. grein.

- Málefnum KSÍ stjórna:
- a. Knattspyrnuþingið.
  - b. Stjórn KSÍ.

#### III Knattspyrnuþingið

##### 6. grein.

- 1 Knattspyrnuþing fer með æðsta vald í málefnum KSÍ.
- 2 Knattspyrnuþing skal halda árlega, eigi síðar en 15. febrúar. Stefnt skal að því, að þing sé haldið þriðja hvert ár utan Reykjavíkur. Stjórn KSÍ ákveður þingstað og skal boða bréflega til þingsins með minnst tveggja mánaða fyrirvara.

## 7. grein.

- 1 Störf knattspyrnuþings eru:
  1. Þingsetning.
  2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
  3. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
  4. Kosning fyrsta og annars þingritara.
  5. Ávörp gesta.
  6. Álit kjörbréfanefndar.
  7. Kosnar nefndir:
    - a. Fjárhagsnefnd, fimm manna.
    - b. Laganefnd, fimm manna.
    - c. Leikreglnanefnd, fimm manna.
    - d. Allsherjarnefnd, fimm manna.
  8. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
  9. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ til samþykktar.
  10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
  11. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
  12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
  13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og mál, sem borist hafa til stjórnar.

## Þinghlé.

14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Önnur mál.
16. Kosningar. Álit kjörnefndar.
  - a. Kosning stjórnar.
    - 1 Kosning formanns (annað hvert ár).
    - 2 Kosning 4ra manna í aðalstjórn.
    - 3 Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum í stjórn.
    - 4 Kosning 3ja varamanna í aðalstjórn.
    - 5 Kosning 4ra varamanna úr landsfjórðungum í stjórn.
  - b. Kosning fulltrúa á íþróttáþing ÍSÍ.
  - c. Kosning skoðunarmanna reikninga (tveir aðalmenn og tveir varamenn).
  - d. Kosning í dómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).
  - e. Kosning í sérdómstóla KSÍ.
  - f. Kjörnefnd, 3ja manna, er starfi milli þinga.
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.
- 2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

## 8. grein.

- 1 Knattspyrnuþingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum, sem mynda KSÍ.
- 2 Fulltrúafjöldi þeirra ákvarðast af þátttöku félaga í Íslandsmóti meistaraflokks sem hér segir:
  - a. Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í Landssímadeildinni eða Meistaradeild kvenna á komandi leiktíð, komi 4 fulltrúar,



- b. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 1. deild karla á komandi leiktíð, komi 3 fulltrúar,
- c. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 2. deild karla á komandi leiktíð, komi 2 fulltrúar,
- d. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í neðstu deild karla eða kvenna á komandi leiktíð, komi 1 fulltrúi, enda hafi það tekið þátt í Íslandsmóti meistaraflokks 3 leiktíðir af síðustu 5, þar sem ein skal vera sú síðasta,
- e. fyrir sameiginlegt lið félaga komi fulltrúar sbr. a.-d., sem skiptast milli aðila að liðinu,
- f. fyrir héraðssamband komi þó að minnsta kosti einn fulltrúi.

3 Fulltrúafjöldi vegna félags skal einungis ákvarðast af einum þeirra liða a. til f. sem gefur flesta fulltrúa.

4 Aðeins sá, sem er í knattspyrnufélagi innan sérráðs, héraðssambands eða íþróttabandalags, er kjörgengur fulltrúi þess á knattspyrnuþingi.

5 Á knattspyrnuþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar atkvæðisrétt og allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði, en auk þess getur hann farið með eitt atkvæði annað.

6 Aðilar sem vanrækja uppgjör á gjöldum, sem greiða skal til KSÍ, missa rétt til þingsetu. Kjörbréfanefnd ber að ganga úr skugga um, að þessu ákvæði sé framfylgt.

#### 9. grein.

1 Á knattspyrnuþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Stjórnarmenn KSÍ.
- b. Heiðursformenn KSÍ.
- c. Nefndarmenn fastanefnda KSÍ.
- d. Framkvæmdastjóri KSÍ.
- e. Aðalmenn í dómstól KSÍ.
- f. Skoðunarmenn reikninga KSÍ.
- g. Forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ.
- h. Fulltrúi menntamálaráðuneytis.
- i. Tveir fulltrúar Knattspyrnudómarasambands Íslands.
- j. Tveir fulltrúar Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands.

2 Auk þess getur stjórn KSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

#### 10. grein.

1 Málefni þau, er sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á knattspyrnuþingi, skulu tilkynnt stjórn KSÍ minnst mánuði fyrir þing.

2 Eigi síðar en hálfum mánuði fyrir boðað ársþing KSÍ, skal stjórn KSÍ senda sambandsaðilum dagskrá þingsins og tillögur þær, sem þá hafa borist um breytingar á lögum og reglugerðum KSÍ.

3 Eigi síðar en viku fyrir boðað ársþing KSÍ, skal stjórn KSÍ senda sambandsaðilum reikninga sambandsins ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

#### 11. grein.

1 Þingfulltrúar á knattspyrnuþingi greiða atkvæði um mál með handauppréttingu. Ef þingfulltrúi óskar eftir skriflegri atkvæðagreiðslu skal þingforseti verða við ósk hans.

2 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á knattspyrnuþingi, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

3 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið hafa fram eftir að tilkynningarfresti lauk, sbr. 1. mgr. 10. gr. Það skal þó óheimilt að afgreiða tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum KSÍ, sem lagðar eru fram eftir að ársþing er hafið, nema slíkt sé

nauðsynlegt vegna annarra tillagna sem samþykktar hafa verið á þinginu eða fluttar sem breytingartillögur við aðrar tillögur sem liggja fyrir þinginu.

#### 12. grein.

- 1 Stjórn KSÍ er kosin á knattspyrnuþingi og skal kosning fara þannig fram:
  - a. Kosning formanns annað hvert ár til tveggja ára í senn.
  - b. Kosning 4ra manna í aðalstjórn til tveggja ára en fjórir menn ganga úr aðalstjórn á hverju ári.
  - c. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungunum í stjórn til eins árs.
  - d. Kosning 3ja manna til vara í aðalstjórn til eins árs.
  - e. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungunum til vara til eins árs.
- 2 Allar kosningar til stjórnar eru skriflegar. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á. Við kosningu á milli manna á knattspyrnuþingi gildir sú regla, að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Fáí fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.
- 3 Til þess að ná kjöri sem formaður KSÍ, þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo menn, sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða.

#### 13. grein.

- 1 Aukaþing skal halda, ef nauðsyn krefur að mati stjórnar eða helmingur sambandsaðila óskar þess skriflega. Allur boðunar- og tilkynningarfræstur til aukaþings skal vera helmingi styttri en til reglulegs þings.
- 2 Fulltrúar hvers aðila á aukaþingi skulu vera jafnmargir og á næsta reglulega þingi á undan. Nýtt kjörbréf skal gefið út fyrir hvern aðila.
- 3 Á aukaþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt knattspyrnuþing.

### IV Stjórn KSÍ

#### 14. grein.

- 1 Stjórn KSÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga.
- 2 Stjórn KSÍ skipa
  - a. formaður,
  - b. 8 meðstjórnendur, sem sitja í aðalstjórn ásamt formanni,
  - c. 4 meðstjórnendur, einn frá hverjum landsfjórðungi.
- 3 Varamenn í aðalstjórn taka sæti í stjórninni, ef aðalmaður forfallast, og koma inn í stjórnina í sömu röð og þeir eru kosnir. Varamenn frá landsfjórðungum taka sæti í stjórninni í forföllum aðalmanna frá landsfjórðungunum.

#### 15. grein.

- 1 Stjórn KSÍ kýs varaformann, ritara og gjaldkera úr hópi aðalstjórnarmanna til eins árs í senn.
- 2 Stjórn KSÍ skal koma saman til fundar minnst 4 sinnum á ári, en aðalstjórn eins oft og þurfa þykir. Aðalstjórn getur valið 2 menn úr sínum hópi til að sitja í 5 manna framkvæmdastjórn ásamt formanni, gjaldkera og formanni Mótanefndar. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum.

## 16. grein.

- 1 Ársþing KSÍ má kjósa heiðursformann Knattspyrnusambands Íslands, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið.
- 2 Heiðursformaður KSÍ hefur rétt til setu á fundum stjórnar sambandsins og á ársþingum þess, með málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður KSÍ kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.

## 17. grein.

Starfssvið stjórnar KSÍ er

1. að framkvæma ályktanir knattspyrnuþings,
2. að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ,
3. að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu,
4. að setja nauðsynlegar reglur um knattspyrnumál á Íslandi,
5. að annast útgáfu á leikreglum og reglugerðum fyrir knattspyrnu, er jafnan séu í nauðsynlegu samræmi við alþjóðareglur,
6. að hafa yfirstjórn með landsmótum,
7. að ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót á Íslandi,
8. að taka ákvarðanir um þátttöku íslenskra knattspyrnuliða í alþjóðamótum,
9. að tefla fram landsliðum í knattspyrnu í keppni á alþjóðavettvangi,
10. að koma fram erlendis f. h. knattspyrnuhreyfingarinnar í landinu,
11. að líta eftir því, að lög og leikreglur KSÍ séu haldin,
12. að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði,
13. að skera úr ágreiningi um knattspyrnumál,
14. að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga.

## 18. grein.

- 1 Stjórn KSÍ skal strax að loknu ársþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:
  - a. Aganefnd
  - b. Dómaranefnd
  - c. Fræðslunefnd
  - d. Kvennanefnd
  - e. Laga- og leikreglnanefnd
  - f. Landsliðsnefndir
  - e. Mannvirkjanefnd
  - g. Mótanefnd
  - h. Samninga og félagaskiptanefnd
- 2 Stjórn KSÍ er heimilt að skipa nefndir til að fást við afmörkuð verkefni.
- 3 Í byrjun hvers starfsárs skal hver fastanefnd gera starfsáætlun og skulu þær lagðar fyrir stjórn KSÍ til samþykktar. Nefndirnar hafa ekki sérstakan fjárhag.
- 4 Stjórn KSÍ ákveður verkswið fastanefnda og annarra nefnda sem skipaðar eru.

19. grein.

- 1 Stjórn KSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir, þ. m. t. reglugerðir um fyrirkomulag móta og leikreglur í samræmi við knattspyrnulögin.
- 2 Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með dreifibréfi.
- 3 Allar breytingar á reglugerðum er varða fyrirkomulag móta í meistaraflokki karla og kvenna í landsmótum skulu staðfestar á knattspyrnuþingi til þess að öðlast gildi.

20. grein.

- 1 Stjórn KSÍ skal ráða framkvæmdastjóra og setja honum erindisbréf.
- 2 Framkvæmdastjóri stjórnar daglegum rekstri KSÍ, skrifstofu og starfsmannahaldi.

21. grein.

Stjórn KSÍ hefur frjálstan aðgang að öllum knattspyrnumótum, sem fram fara innan vébanda KSÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, héraðssambanda, íþróttabandalaga og dómarafélaga.

## V Reikningar KSÍ

22. grein.

- 1 Reikningsár KSÍ er almanaksárið.
- 2 Reikningar KSÍ skulu undirritaðir af formanni, gjaldkera, framkvæmdastjóra og skoðunarmönnum reikninga.
- 3 Stjórn KSÍ skal ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga KSÍ.

## VI Skyldur aðildarfélaga

23. grein.

- 1 Félagi sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, dómarmenn, þjálfarar og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög og reglur KSÍ.
- 2 Félagi sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ er skylt að virða ákvarðanir stjórnar KSÍ, nefnda KSÍ og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

24. grein.

- 1 Félagi sem taka þátt í mótum á vegum KSÍ skulu senda KSÍ ársskýrslu sína.
- 2 Knattspyrnusérráðin (héraðssambönd/íþróttabandalög) skulu senda stjórn KSÍ skýrslur um öll knattspyrnumót, sem haldin eru innan umdæmisins.
- 3 Ársskýrslur sérráða (héraðssambanda/íþróttabandalaga) og upplýsingar um stjórnir þeirra skulu sendar stjórn KSÍ innan mánaðar frá aðalfundi.

## VII Dómstóll

25. grein.

- 1 Dómstóll KSÍ skal skipaður 3 aðalmönnum og 5 varamönnum, kjörnum á ársþingi.
- 2 Dómstóllinn kýs sér forseta og starfar að öðru leyti samkv. dóms- og refsiakvæðum ÍSÍ og lögum og reglugerðum KSÍ.

## VIII Sambandsslit

26. grein.

Tillögur um að leggja KSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu knattspyrnuþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni, og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings, taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja KSÍ niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eignum KSÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar knattspyrnuíþróttar í landinu.

## IX Gildistaka

27. grein.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Greinargerð:*

Á síðasta ársþingi var samþykkt svohljóðandi tillaga: „Ársþing KSÍ 1997 samþykkir að skipa 3 manna millipinganefnd til að endurskoða lög fyrir Knattspyrnusamband Íslands. Nefndin skoði lögina m. t. t. laga Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, UEFA og FIFA og þeirra breytinga sem orðið hafa á rekstri KSÍ. Jafnframt endurskoði nefndin núverandi reglugerðir KSÍ í samræmi við greinargerð millipinga-nefndar um knattspyrnuþing og geri tillögu um hvaða reglugerðir heyri beint undir stjórn KSÍ.“

Stjórn KSÍ skipaði eftirtalda í nefndina: Halldór B Jónsson, formaður, Gunnar Guðmundsson og Jóhann Albertsson. Geir Þorsteinsson starfaði með nefndinni.

Nefndin taldi nauðsynlegt að gera töluverðar breytingar á uppsetningu laganna án þess að breyta þeim efnislega í aðalatriðum. Löggin eru nú sett fram í níu köflum. Hvers kafla verður nú getið ásamt þeim efnislegu breytingum sem nefndin leggur til.

### I Heiti og tilgangur

- 2. gr. um samtök sem KSÍ er aðili að: Nýtt ákvæði um að reglur og ákvarðanir ÍSÍ, UEFA og FIFA eru bindandi fyrir KSÍ, aðila að KSÍ, félög, leikmenn, dómara, þjálfara og forystumenn.
- 4. gr. um hlutverk KSÍ: Lagt er til að inn komi ákvæði um að eitt að hlutverkum KSÍ skuli vera að standa fyrir knattspyrnumótum á Íslandi.

### II Skipulag

Óbreytt.

### III Knattspyrnuþingið

- 6. gr. um knattspyrnuþing: Lagt er til að boða þurfi þing með 2ja mánaða fyrirvara í stað 1.
- 8. gr. um dagskrá þingsins: Inn er komið ákvæði um kosningu fulltrúa á íþróttþing ÍSÍ.
- 9. gr. um hverjir hafi rétt til þingsetu auk kjörinna fulltrúa: Niður er fellt varaforseti ÍSÍ og formaður Ólympíunefndar Íslands. Í stað íþróttfulltrúa ríkisins kemur fulltrúi menntamálaráðuneytis. Í stað meðlima dómstóla KSÍ kemur aðalmenn í dómstól KSÍ. Í stað eins fulltrúa þjálfarafélags Íslands komi tveir. Þá koma heiðursformenn inn í upptalninguna til samræmis við eldri lög.

- 10. gr. um málefni: Skylda að senda út dagskrá þingsins (hálfum mánuði fyrir þing) og reikninga ásamt fjárhagsáætlun viku fyrir þing.
- 11. gr. um atkvæðagreiðslu: Nýtt ákvæði um handauppréttingu. Þá er fellt út ákvæði sem kvað á um að tillaga um lagabreytingu skyldi öðlast gildi ef hún væri borin og samþykkt með einföldum meirihluta allra þingfulltrúa þrjú þing í röð.
- 12. gr. um kosningar: Nánari texti án efnisbreytinga.
- 13. gr. um aukapring: Aukapring skal halda í stað má halda ef nauðsyn krefur að mati stjórnar eða helmingur sambandsaðila óskar þess skriflega. Frestir skulu þá vera í stað mega helmingi styttri. Þá er lögð til sú breyting að gefin verði út ný kjörbréf í stað þess að fulltrúar á aukapringi séu hinir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan.

#### IV Stjórn KSÍ

- 17. gr. um starfssvið: Lagt er til að niður falli tvö atriði, þ. e. að vinna að stofnun nýrra sérráða í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd og að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur. Inn komi nýtt að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ, að setja nauðsynlegar reglur um knattspyrnumál á Íslandi og að tefla fram landsliðum í knattspyrnu í keppni á alþjóðavettvangi. Þá er lagt til að niður falli ákvæði sem gerir KSÍ skylt að hafa samráð við stjórnir sérráða og framkvæmdastjórn ÍSÍ við ákvörðun á landsmótum, alþjóðamótum, sem haldin eru hérlendis og um önnur samskipti við útlönd.
- 18. gr. um nefndir: Lagt er til að niður falli að stjórn KSÍ skuli boða formenn nefnda og formann KDSÍ á stjórnarfund, þegar þurfa þykir, eða þegar formenn nefnda eða formaður KDSÍ óska þess. Inn komi nýtt að stjórn KSÍ er heimilt að skipa nefndir til að fást við afmörkuð verkefni og að stjórn KSÍ ákveði verksvið fastanefnda og annarra nefnda sem skipaðar eru.
- 19. gr. um reglugerðir: Nýtt ákvæði þess efnis að stjórn KSÍ setji nauðsynlegar reglugerðir.
- 20. gr. um framkvæmdastjóra: Framkvæmdastjóri skal ráðinn í stað má. Nánari ákvæði um hlutverk hans.

#### V Reikningar KSÍ

- 22. gr. um reikninga: Nýtt ákvæði um að reikningar skuli undirritaðir af formanni, gjaldkera, framkvæmdastjóra og skoðunarmönnum reikninga og að ráða skuli löggiltan endurskoðenda til að endurskoða reikninga KSÍ.

#### VI Skyldur aðildarféлага

- 23. gr. um félög sem taka þátt í mótum á vegum KSÍ: Ný ákvæði um kvaðir á félög sem taka þátt í mótum á vegum KSÍ.
- 24. gr. um kvaðir aðildarféлага: Lagt er til að félög skuli senda ársskýrslu sína til KSÍ. Lagt er til að niður falli ákvæði sem skyldar héraðssambönd til að senda KSÍ skýrslu um ferðir meðlima á þeirra vegum til útlanda.

#### VII Dómstóll

- Óbreytt.

#### VIII Sambandsslit

- Óbreytt.

**IX Gildistaka**

- 27. gr. um gildistöku: Lagt er til að lög þessi öðlist þegar gildi.

**Millipinganevndin**

Tillögunni var vísað til laganevndar.

- Álit laganevndar flutti Þórarinn Gunnarsson.

Nevndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.

**Tillagan var samþykkt samhljóða.**

---

**Þingskjal 8**

- Framsögu hafði Árni Guðmundsson.

**Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
og  
reglugerð KSÍ um verðlaun og verðlaunapeninga**

**Lagt er til að nýr liður bætist við grein 1.5. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót svohljóðandi:**

Verðlaunaveitingar í keppni barna og unglunga fylgi eftirfarandi áætlun:

10 ára og yngri:

Allir fá jafna viðurkenningu fyrir þátttöku.

11-12 ára:

Lið vinni til verðlauna. Fyrst við 11 ára aldur er leyfilegt að krýna Íslandsmeistara.

13-19 ára:

Lið vinni til verðlauna.

**Lagt er til að reglugerð um verðlaun og verðlaunapeninga verði breytt þannig að ekki verði veitt verðlaun í 6. flokki karla.**

*Skýringar:*

Framangreindar tillögur eru í samræmi við stefnuyfirlýsingu um tilhögun íþróttappeldis æskufólks innan íþróttahreyfingarinnar, sem samþykkt var á Íþróttþingi ÍSÍ á Akranesi í október 1996.

**KR**

- Jón Gunnlaugsson lagði til að þingskjalinu yrði vísað til stjórnar.
- Einar Friðbjólfsson var mótfallinn tillögunni.
- Bergþór Jónsson hvatti til aðgátar.
- Jóhannes Sveinbjörnsson var með ábendingu.
- Stefán J Stefánsson var hlynntur tillögunni.

Tillöggunni var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að tillöggunni yrði vísað til stjórnar. Jafnframt lagði nefndin til að stjórn KSÍ leggi fyrir næsta knattspyrnuþing stefnuyfirlýsingu um þjálfun barna og unglunga, þar sem m.a. verði tekið á verðlaunaveitingum og viðurkenningum í keppni barna og unglunga.

- Jón Gunnlaugsson tók til máls.
- Kjartan Másson var mótfallinn tillöggunni.
- Stefán J Stefánsson taldi að ekki ætti að draga úr keppni barna og unglunga.
- Einar Friðþjófsson var mótfallinn tillöggunni.
- Lúðvík S Georgsson var hlynntur tillöggunni.

**Samþykkt samhljóða að vísa tillöggunni til stjórnar og jafnframt að stjórn KSÍ leggi fyrir næsta knattspyrnuþing stefnuyfirlýsingu um þjálfun barna og unglunga, þar sem m.a. verði tekið á verðlaunaveitingum og viðurkenningum í keppni barna og unglunga.**

## Þingskjal 9

### Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

**Lagt er að 3. töluliður í grein 2.4. – Búnaður leikmanna – breytist og hljóði svo (breytingar feitletraðar):**

Allir leikmenn í mótum á vegum KSÍ skulu tölusettir með greinilegum tölustöfum aftan á keppnispeysum. **Leikmenn meistarflokks karla og kvenna skulu bera númerið 1 til 40. Heimilt er að hafa nafn leikmanns á keppnisbúningi ofan við númer.**

**Til skýringar er eftirfarandi:**

Setningar í grein 2.4. nr. 2, 3 og 4 falla niður, sem eru eftirfarandi:

Þeir sem hefja leik í keppni 11 manna liða skulu bera númer 1 til 11 og varamenn númer 12 til 16. Markverðir skulu bera númer 1, 12 eða 16. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu.

Röksemd:

Auka þarf tengsl milli leikmanna og áhorfenda, þar gildir bæði um sjónvarpsáhorfanda og áhorfendur á vellinu. Þeir finna sinn mann á vellinum og þekkja hann eða hana með nafni.

### Breiðablik og Stjarnan

Tillöggunni var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði felld.

- Kjartan Másson lýsti yfir stuðningi við tillöguna.



- Geir Þorsteinsson vildi skoða málið með félögum í Landssímadeildinni.
- Pétur Björn Pétursson lagði til að tillögunni yrði vísað til stjórnar.

**Samþykkt var samhljóða að vísa tillögunni til stjórnar.**

---

## Þingskjal 10

- Framsögu hafði Halldór B Jónsson.

### Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

**Lagt er til að aftan við grein 3.1.5 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (þátttökuréttur) komi eftirfarandi viðbót (undirstrikað):**

... í viðkomandi aldursflokki. Félög geta þó sótt um að halda sæti sameiginlega liðsins, sem þau áttu aðild að, ef augljóst er að þau hafi verið burðarás í starfi þess. Stjórn KSÍ er heimilt að fallast á slíka ósk.

#### *Greinargerð:*

Ákvæðið um sameiginlegu liðin er mjög mikilvægt, sérstaklega fyrir lítil félög. Bent hefur verið á að forráðamenn félaga hafi hikað við að koma sameiginlegu liði á fót, ekki síst með hliðsjón af núverandi ákvæði um að við slit á samstarfi, skuli liðin byrja aftur í neðstu deild eða riðli.

Auðveldast er að sýna þetta með dæmi: Tveir efnilegir 17 ára leikmenn í Magna gætu leikið með sameiginlegu liði KA og Magna í 2. flokki (KA/Magni eða KAM) um tveggja ára skeið. Þetta væri KA hugsanlega reiðubúið að gera t.d. í 2 ár, ef félagið fengi að samstarfi loknu að halda sæti sínu í A eða B deild 2. flokks. Leikmennirnir ungu í Magna verða áfram í sínu félagi og geta leikið þar í meistaraflokki.

Sömuleiðis kemur fyrir að þrjú félög séu í samstarfi í eitt ár, en aðeins tvö þeirra óska eftir að halda áfram ári síðar. Eðlilegt virðist að hægt sé að fallast á að þau haldi sæti sameiginlega liðsins, sé þess óskað.

### Stjórn KSÍ

Tillögunni var vísað til laganeftar.

- Álit laganeftar flutti Þórarinn Gunnarsson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt með þeirri breytingu að út falli

„ef augljóst er að þau hafi verið burðarás í starfi þess”.

og að viðbættist nýtt ákvæði í grein 3.1.6. svohljóðandi:

„Í slíku samkomulagi skal koma fram m.a. hver beri fjárhagslega ábyrgð á samstarfinu, framkvæmd samstarfsins og stöðu félaga við slit.”

**Tillagan var samþykkt samhljóða með breytingum nefndarinnar.**

---

## **Þingskjal 11**

- Framsögu hafði Halldór B Jónsson.

### **Tillögur um breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót**

#### **Tillaga 1**

**Lagt er til að í grein 3.9.1.2.8 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (bikarkeppni karla), í grein 3.9.3.2.3 (bikarkeppni 2. flokks karla) og í grein 3.9.1.2.8 (bikarkeppni kvenna) falli niður yfirstrikaða málsgreinin:**

~~Í keppninni skal leikið til þrautar. Þó skal boða til nýs úrslitaleiks, ef ekki fást úrslit að lokinni framlengingu, og skal þá leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.~~

Til samræmis er lagt til að niður falli síðasta málsgrein í grein 3.9.1.2.12:

~~Ef úrslitaleikur endar með jafntefli og boða þarf til annars úrslitaleiks, skal ekki greiða af þeim leik gjald þetta.~~

#### *Skýring:*

Hér er lagt til að leikið sé til þrautar í úrslitaleik Bikarkeppni KSÍ, eins og í öðrum bikarleikjum. Erfitt hefur reynst að finna nýjan leikdag, þegar jafntefli hefur orðið. Fram hafa komið ábendingar forystumanna og stuðningsmanna félaga um að æskilegt sé að ljúka úrslitaleiknum strax í fyrstu tilraun. Það skapar fjörugra andrúmsloft í leiknum, þegar ljóst er að ekki verður um annað tækifæri að ræða. Félögin skipuleggja hátíðahöld að leik loknum, sem erfitt er að breyta.

### **Stjórn KSÍ**

#### **Tillaga 2**

**Lagt er til að í grein 3.9.4.3.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (bikarkeppni 3. flokks karla) og í grein 3.9.10.2.4 (bikarkeppni 2. flokks kvenna) falli niður yfirstrikaða málsgreinin og við bætist undirstrikaða málsgreinin:**

Á Suður- og Vesturlandi skal leikið með útsláttarfyrirkomulagi þannig, að sigurvegari leiks heldur áfram en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Leika skal til þrautar í öllum umferðum en verði jafnt eftir framlengingu í úrslitaleik skal boða til nýs leiks og skal þá leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

#### *Skýring:*

Tillaga um að ætíð sé leikið til þrautar í bikarkeppni yngri flokka, með sama hætti og í Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla, meistaraflokki kvenna og 2. flokki karla.

## Stjórn KSÍ

### Tillaga 3

**Lagt er til að í grein 3.8.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (leikið til þrautar) falli niður yfirstrikaða málsgreinin:**

Ef lið skilja jöfn í úrslitaleik að loknum venjulegum leiktíma, skal framlengja leikinn. Sé enn jafnt skal boða til nýs leiks. Ef jafnt er að loknum aukaleik skal framlengja leikinn og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

*Skýring:*

Tillaga um að ætíð sé leikið til þrautar í úrslitaleikjum, en ekki boðað til nýs leiks (almennt ákvæði).

## Stjórn KSÍ

Tillögum var vísað til leikreglanefndar.

- Álit leikreglanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillögurnar yrðu samþykktar.

**Tillögurnar á þingskjalinu voru samþykktar samhljóða.**

---

### Þingskjal 12

#### Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

##### **3.9.9.1. gr. 2. Greinin skal vera óbreytt nema:**

.....Sigurvegarar riðla eða svæðakeppna og liðin í öðrum sætum sem telja sex eða fleiri lið skulu vinna sér rétt til að taka þátt í úrslitakeppni þar sem leikin er tvöföld stigakeppni um sætin tvö í meistardeild kvenna.

*Skýring:*

Nauðsynlegt er að fjölga leikjum og lengja keppnistímabilið til að stuðla að betri kvennaknattspyrnu á Íslandi. Jafnframt teljum við það sanngirnismál að liðin geti leikið svo mikilvæga leiki á heimavöllum sínum.

##### **3.9.10.1. gr. 1. Greinin óbreytt nema við bætist:**

Ef tvö eða færri félög skrá sig til þátttöku frá einu svæði eiga þau rétt á þátttöku í öðrum riðlum sækist þau eftir því.

**3.9.11.1. gr. 1. Greinin óbreytt nema við bætist:**

Ef tvö eða færri félög skrá sig til þátttöku frá einu svæði eiga þau rétt á þátttöku í öðrum riðlum sækist þau eftir því.

*Skýring:*

Ef aðeins eitt eða tvö lið skrá sig til þátttöku eru leikir annaðhvort engir eða þá mjög fáir og allir innbyrðis milli þessara tveggja riðla. Þetta teljum við knattspyrnunni ekki til framdráttar og viljum því breytingar á þessum lið.

**Þór A.**

- Ásgrímur Einarsson var mótfallinn fyrsta lið tillögunnar.
- Halldór B Jónsson var mótfallinn fyrsta lið tillögunnar.
- Björn Guðbjörnsson var mótfallinn fyrsta lið tillögunnar.

Tillögunni var vísað til leikreglanefndar.

- Álit leikreglanefndar flutti Björn Friðbjólfsson.

Nefndin lagði til að:

Breytingin á 3.9.9.1.2. verði felld.

Breytingin á 3.9.10.1.1. verði vísað frá.

Breytingin á 3.9.11.1.1. verði vísað til stjórnar.

**Samþykkt samhljóða að fella tillögu til breytingar á 3.9.9.1.2., vísa tillögu til breytingar á 3.9.10.1.1. frá og vísa tillögu á 3.9.11.1.1. til stjórnar.**

**Þingskjal 13**

- Framsögu hafði Halldór B Jónsson.

**Tillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót**

**Lagt er til að núverandi grein 3.9.10.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (Íslandsmót í 2. flokki kvenna) falli öll niður, en í staðinn komi eftirfarandi:**

1. Liðum skal skipt í deildir eftir getu. A deild skal skipuð 8 liðum, en B deild skal skipuð þeim liðum, sem ekki leika í A deild. Heimilt er að skipta B deild í tvo eða þrjá riðla, t.d. eftir landshlutum. Sigurvegari í A deild telst Íslandsmeistari.
2. Í A deild skal leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Séu lið 5 eða færri í B deild (eða riðli), er Mótanefnd heimilt að hafa allt að fjórfalda umferð í viðkomandi deild (eða riðli). Keppnin er stigakeppni.
3. Þau tvö lið, sem verða neðst í A deild, falla næsta keppnisár niður í B deild, en tvö efstu liðin í B deild taka sæti þeirra í A deild. Sé B deild leikin í tveimur eða fleiri riðlum skal Mótanefnd tilkynna við upphaf mótis, hvaða reglur gilda um færslu í A deild á næsta keppnisári.
4. Ef lið í A deild dregur sig úr eða er vísað úr keppni, skal það hefja keppni í B deild að ári, en liðið í 3 sæti í B deild skal í staðinn flytjast í A deild.

*Ákvæði til bráðabirgða:*

- Í A deild 1999 skulu leika:
- Lið í 1. - 6. sæti A riðils 1998
- Lið í 1. og 2. sæti B riðils 1998
- Önnur lið leika í B deild.

*Greinargerð:*

Samkvæmt nágildandi reglum um 2. flokk kvenna á að skipta liðum í riðla eftir landshlutum. Aðeins eitt lið frá Norðurlandi (ÍBA) var með 1998, og var því heimilað að leika í riðli með liðum á Suður- og Vesturlandi. Undanfarin ár hafa 11 til 13 félög tekið þátt í keppninni, en vonir standa til að liðum fjölgi í 15 til 16 á næstu árum, en varla meir m.a. vegna þátttöku ungra leikmanna í meistaraflokki.

Hér er lagt til að tekin verði upp deildakeppni (tekið mið af 2. flokki karla), þar sem sigurvegari í A deild verði Íslandsmeistari og úrslitakeppni felld niður. Með þessu móti verður keppnin meira krefjandi og flestir leikir skipta máli (sigur í deild, fall um deild, komast upp um deild).

Niðurröðun leikja hefur verið erfið vegna árekstra við leiki í meistaraflokki kvenna og verkefna allra landsliða kvenna, en nú verður unnt að tryggja nægan fjölda leikja og dreifa þeim eðlilega með tilliti til meistaraflokks og landsliða.

**Mótanefnd KSÍ**

Tillöggunni var vísað til leikreglanefndar.

- Álit leikreglanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.

**Tillagan var samþykkt samhljóða.**

**Þingskjal 14**

- Framsögu hafði Ásgrímur Einarsson

**Tillögur um breytingar á fyrirkomulagi  
móta í kvennaflokkum**

**Tillaga 1 var dregin til baka.**

**Tillaga 2 - Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.**

3.9.10. 2. flokkur kvenna

Aldur: 18 ára á almanaksárinu og yngri

Leiktími: (~~80 mín. (2 x 40 mín.)~~) **90 mín. (2 x 45 mín.)**

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: (~~20 mín. (2 x 10 mín.)~~) **30 mín. (2 x 15 mín.)**

Skiptingar: Heimilt er að setja alla ( fimm ) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5.

## 3.9.11. 3. flokkur kvenna.

11 manna lið

Aldur: 15 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: (~~70 mín. (2 x 35 mín.)~~) **80 mín. (2 x 40 mín.)**.

Leikhlé: 5. mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Skiptingar: Heimilt er að setja alla ( fimm ) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 4.

7 manna lið

Aldur: 15 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: (~~50 mín. (2 x 25 mín.)~~) **60 mín. (2 x 30 mín.)**.

Leikhlé: 5. mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Skiptingar: Skv. reglugerð um miniknattspyrnu.

Stærð knattar: 4.

## 3.9.13. 5. flokkur kvenna.

Aldur: 11 ára á almanaksárinu og yngri

Leiktími: (~~30 mín. (2 x 15 mín.)~~) **40 mín. (2 x 20 mín.)**

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: (~~10 mín. (2 x 5 mín.)~~) **15 mín. (2 x 7,5 mín.)**

Skiptingar: Skv. reglugerð um miniknattspyrnu.

Stærð knattar: 3.

Rök: Verið að samhæfa reglur drengja og stúlkna, einnig kemur 18 ára landslið kvenna til með að spila þennan leiktíma, 90 mín. (2 x 45 mín.), í sínum leikjum (upplýsingar frá þjálfara U18).

### Breiðablik og Stjarnan

Tillögunni var vísað til leikreglnanefndar.

Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðbjólfsson.

- Björn Friðbjólfsson flutti álit leikreglnaefndar.

Nefndin lagði til að tillögu 2 verði vísað til stjórnar.

- Ásgrímur Einarsson tók til máls og lagði fram tillögu svohljóðandi tillögu:

Tillaga um stofnun milliþinganefndar sem fjalla á um jöfnun aldurs í kvennabolta til jafns við stráka og öll önnur mál sem geta orðið til þess að brottfall iðkenda minnki í kvennaboltanum. Er mælist til þess að í nefndinni sitji fulltrúar KSÍ, þjálfara og leikmanna.

- Gunnlaugur Hreinsson vakti athygli á misræmi í leiktíma í sama flokki í 7 manna og 11 manna liðum.
- Lúðvík S Georgsson lagði til að síðasta setningin í tillögu Ásgríms um milliþinganefnd væri felld út.
- Ásgrímur Einarsson vildi að fleiri en stjórn KSÍ kæmu að málinu.
- Stefán J Stefánsson vildi þátttöku foreldra.

**Samþykkt að vísa tillögu 2 til stjórnar. Þá var og samþykkt tillaga Ásgríms um millipinganefnd með þeirri breytingu að síðasta setningin var felld út.**

**Tillaga 3 var dregin til baka.**

**Tillaga 4 - Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.**

3.9.10.2. Bikarkeppni KSÍ

2 Hverju félagi er heimilt að senda (~~eitt~~) **tvö** lið til keppni. **Leikmenn eru ekki gjaldgengir með A og B liði félags í sömu umferð. Þeir leikmenn sem spila einu sinni með A liði viðkomandi félags í keppninni eru ekki gjaldgengir með B liði félagsins.**

Rök: Hvað bikarkeppnina varðar, þá er þetta heimildarákvæði gott fyrir þau lið sem ráða yfir stórum hóp og vantar verkefni fyrir þá sem ekki komast í 16 manna hóp.

### **Breiðablik og Stjarnan**

**Flutningsmenn lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu við tillögu 4:**

3.9.10.2. Bikarkeppni KSÍ

2 Hverju félagi er heimilt að senda (~~eitt~~) **tvö** lið til keppni. **Leikmenn eru ekki gjaldgengir með A og B liði félags í sömu umferð. Þeir leikmenn sem spila einu sinni með A liði viðkomandi félags í keppninni eru ekki gjaldgengir með B liði félagsins.**

3.1. Þátttökuréttur

2 Í landsmótum getur aðeins tekið þátt eitt lið frá hverju félagi í hverju móti með þeirri undantekningu að í bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla mega tvö lið taka þátt (A og U23) **og í bikarkeppni 2. flokks kvenna mega tvö lið taka þátt (A og B).**

Rök: Hvað bikarkeppnina varðar, þá er þetta heimildarákvæði gott fyrir þau lið sem ráða yfir stórum hóp og vantar verkefni fyrir þá sem ekki komast í 16 manna hóp.

Tillögunni var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillaga númer 4 og breytingartillagan yrðu felldar.

**Samþykkt var með öllum greiddum atvæðum gegn sex að fella tillögur númer 4.**

**Tillaga 5 - Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.**

Nýtt ákvæði. 3.9.11.3. Bikarkeppni KSÍ

Ný ákvæði skulu vera eins og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nr. 3.9.4.3., þó með einni breytingu:

2 Hverju félagi er heimilt að senda (~~eitt~~) tvö lið til keppni. Leikmenn eru ekki gjaldgengir með A og B liði félags í sömu umferð. Þeir leikmenn sem spila einu sinni með A liði viðkomandi félags í keppninni eru ekki gjaldgengir með B liði félagsins.

Rök: Enn er verið að reyna að samhæfa reglur fyrir stúlkur og drengi. Einnig er bætt við bikarkeppni og er þar verið að auka verkefni fyrir stúlkurnar.

**Breiðablik og Stjarnan****Flutningsmenn lögðu fram breytingartillögu við tillögu 5:**

Ný reglugerð. 3.9.11.3. Bikarkeppni KSÍ (3. flokkur kvenna).

Reglugerðin skal hljóma eins og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nr. 3.9.4.3. (Bikarkeppni í 2. flokki kvenna) eins og hún hljóðaði fyrir þing 97.

Rök: Enn er verið að reyna að samhæfa reglur fyrir stúlkur og drengi. Einnig er bætt við bikarkeppni og er þar verið að auka verkefni fyrir stúlkurnar.

Tillögunni var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillaga númer 5 og breytingartillagan yrðu felldar.

- Ásgrímur Einarsson lagði til að tillögunni yrði vísað til stjórnar.

**Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum gegn þremur að vísa tillögum númer 5 til stjórnar.**

**Tillaga 6 - Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.**

3.9.12. 4. flokkur kvenna

Aldur: 13 ára á almanaksárinu og yngri

Leiktími: 50 mín. (2 x 25 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Skiptingar: Skv. reglugerð um miniknattspyrnu.

Stærð knattar: 4.



## 3.9.12.1. Íslandsmót

1 Leikin skal (~~einföld~~) **tvöföld** stigakeppni eftir reglugerð KSÍ um miniknattspyrnu. Mótinu skal skipt í tvo hluta, undankeppni og úrslitakeppni.

2 Mótanefnd KSÍ skal annast niðurröðun í riðla og skal hún taka mið af eftirfarandi:

a) Liðum skal raðað í riðla eftir landssvæðum, (Suður- og Vesturland, Norðurland og Austurland). **Í a og b riðil skulu fara þau lið sem tilkynna þátttöku á Suður- og Vesturlandi og eru með a og b lið, í c riðil skulu fara þau lið sem tilkynna þátttöku á Suður- og Vesturlandi og eru einungis með a lið, í d riðil skulu fara lið af Norðurlandi, a og b lið, og í e riðil skulu fara lið af Austurlandi, a og b lið.** Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum ef viðkomandi aðilar æskja þess.

b) Óbreytt.

c) Mótanefnd skal leitast við að hafa ekki færri en (~~sæx~~) **átta** leiki á hvert lið.

d) Óbreytt

e) Óbreytt

f) **Núverandi regla fellur út en í staðinn kemur eftirfarandi:**

**Úrslitakeppnin skal fara fram í ágúst með þátttöku 8 a liða og 6 b liða.**

**Þátttökuréttur í úrslit a liða skiptist þannig:**

**a riðill 2 efstu liðin**

**b riðill 2 efstu liðin**

**c riðill efsta liðið**

**d riðill efsta liðið**

**e riðill efsta liðið**

**8. sætið skal fara til þess liðs sem er með bestan árangur í 3. sæti í a eða b riðli.**

**Ef einhver riðill fellur niður vegna ónógrar þátttöku skal rétturinn færast til 3. sætis í a riðli og síðan b riðli.**

**Í úrslitum skal leikið í tveimur riðlum. Í a riðil skulu fara a1, a3, b2 og d1. Í b riðil skulu fara a2, b1, c1 og e1. Í riðlunum leikin einföld stigakeppni og mætast síðan efstu liðin úr hvorum riðli í úrslitaleik. Í úrslitaleik skal leikið til þrautar. Ef staðan er jöfn að loknum venjulegum leiktíma skal framlengt og síðan fer fram vítaspyrnukeppni ef með þarf.**

**Þátttökuréttur í úrslit b liða skiptist þannig:**

**a riðill 2 efstu liðin**

**b riðill 2 efstu liðin**

**d riðill efsta sætið**

**e riðill efsta sætið**

**Ef einhver riðill fellur niður vegna ónógrar þátttöku skal rétturinn færast til 3. sætis í a riðli og síðan b riðils.**

**Í úrslitum skal leikið í tveimur riðlum. Í a riðil skulu fara a1, b2 og e1. Í b riðil skulu fara a2, b1, d1. Í riðlunum leikin einföld stigakeppni og mætast síðan efstu liðin úr hvorum riðli í úrslitaleik. Í úrslitaleik skal leikið til þrautar. Ef staðan er jöfn að loknum venjulegum leiktíma skal framlengt og síðan fer fram vítaspyrnukeppni ef með þarf.**

Rök: Með þessu er verið að auka verkefni fyrir stúlkurnar.

### Breiðablik og Stjarnan

Tillögunni var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillaga númer 6 á þingskjali 14 yrði vísað til stjórnar.

**Samþykkt samhljóða að vísa tillögu númer 6 til stjórnar.**

#### Tillaga 7 - Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

**Ákvæði 3.9.13.1. falli niður en í staðinn komi ákvæði samhljóða 3.9.12.1. eins og það var keppnistímabilið 1997 – 1998.**

Rök: Með þessu er verið að auka verkefni fyrir stúlkurnar.

### Breiðablik og Stjarnan

Tillögunni var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillaga númer 7 yrði felld.

**Samþykkt var með yfirgnæfandi meirihluta að fella tillögu númer 7.**

**Tillaga 8 var dregin til baka.**

#### Tillaga 9 - Reglugerð fyrir innanhússknattspyrnu.

6.gr. Leiktími

Leiktími og framlenging skal vera:

	Leiktími	Framlenging
Mfl. karla	2 x 10	2 x 3
2. fl. karla	2 x 10	2 x 3
3. fl. karla	2 x 8	2 x 2
4. fl. karla	2 x 7	2 x 2
5. fl. karla	2 x 6	2 x 2
6. fl. karla	2 x 5	2 x 2
Mfl. kvenna	2 x 10	2 x 3
2. fl. kvenna	<del>(2 x 8)</del> <b>2 x 10</b>	<del>(2 x 2)</del> <b>2 x 3</b>
3. fl. kvenna	<del>(2 x 7)</del> <b>2 x 8</b>	2 x 2
4. fl. kvenna	<del>(2 x 6)</del> <b>2 x 7</b>	2 x 2

**5. fl. kvenna****2 x 6****2 x 2**

Rök: Verið er að færa leiktíma til samræmis við drengja flokka.

### **Breiðablik og Stjarnan**

Tillögunni var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillaga númer 9 yrði samþykkt.

**Tillaga númer 9 var samþykkt samhljóða.**

### **Tillaga 10 - Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.**

3.9.11.2. Íslandsmót – 7 manna lið.

6 Í úrslitakeppni getur Mótanefnd heimilað einstökum svæðum að senda úrvalslið. Sigurvegari í úrslitakeppni telst Íslandsmeistari. **Mótanefnd skal leitast við að hafa úrslitakeppnina á eftir úrslitakeppni í 11 manna liðum.**

Rök: Með þessu móti er hægt að koma í veg fyrir að lið noti sömu leikmenn í báðum úrslitakeppnum.

### **Heildarrök.**

Verið er að reyna að samræma reglur í drengja og stúlkna flokkum. Með auknum verkefnum eru meiri líkur á að stúlkur haldist lengur í knattspyrnu. Einnig má búast við meiri framförum þegar verkefnin verða fleiri fyrir þær stúlkur sem alla jafna hafa ekki fengið að spila mikið með sínum flokkum.

### **Breiðablik og Stjarnan**

Tillögunni var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillaga númer 10 yrði vísað til stjórnar.

**Samþykkt var samhljóða að vísa tillögu númer 10 til stjórnar.**

## Þingskjal 15

- Framsögu hafði Halldór B Jónsson.

### Tillögur varðandi keppni í 7 manna liðum

#### Lagt er til að 3.9.6.1.12. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót breytist og orðist svo:

Leikmaður getur aðeins verið hlutgengur með einu liði (A, B eða C) sama leikdaginn. Leikmaður getur aðeins leikið fyrir eitt lið félags (A eða B lið) í úrslitakeppni.

#### Viðbótartillaga frá flutningsmanni vegna ofangreindrar tillögu:

#### Lagt er til að í 3.9.6.1.4. falli niður málsgreinin:

Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi.

#### Lagt er til að inn komi ný grein í reglugerð KSÍ um miniknattspyrnu og verði 4. grein - Leikskýrslur (aðrar greinar fái nýtt númer til samræmis):

KSÍ skal gefa út sérstök leikskýrslueyðublöð í miniknattspyrnu. Annars vegar eyðublað fyrir nöfn leikmanna sem félagið skilar í mótlok og hins vegar eyðublað þar sem greint er frá úrslitum leikja og heimaliði ber að skila að leik loknum. Mótanefnd setur nánari reglur um skýrslur þessar ef þörf krefur.

#### Lagt er til að 8. grein (núverandi) í reglugerð KSÍ um miniknattspyrnu breytist og orðist þannig (viðbót skáletruð):

Fyrir öll brot í 12. grein knattspyrnulaga skal refsað með beinni aukaspyrnu, með þeim undantekningum, að ekki skal dæma skref á markvörð og í 5. flokki karla, 4. flokki kvenna og yngri aldursflokkum er markverði heimilt að taka knöttinn upp með höndum eftir sendingu frá samherja. Þegar leikmaður .... (óbreytt) ...

#### Tillaga til ályktunar

Árspaning KSÍ felur mótanefnd KSÍ að leita leiða til að gera félögum kleift að fjölga liðum í keppni í 7 manna liða í yngstu aldursflokkum. Mótanefnd skal heimilt að lýsa eftir þátttöku á nýjan leik þannig að hægt verði að gera tilraunir með nýtt fyrirkomulag / ný mót strax á þessu ári.

### Stjórn KSÍ

- Margeir Kjartansson bar fram fyrirspurn.
- Albert Eymundsson ræddi um ástandið á landsbyggðinni.

Tillögunni var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt með ásamt viðbótartillögu flutningsmanns.

- Jóhannes Sveinbjörnsson bar fram fyrirspurn.
- Geir Þorsteinsson svaraði fyrirspurn Jóhannesar.

**Tillögur ásamt viðbótartillögu voru samþykktar samhljóða.**

---

### Þingskjal 16

- Framsögu hafði Geir Þorsteinsson.

#### **Tillaga um breytingu á starfsreglum aganefndar KSÍ**

**Lagt er til að grein 4.2. breytist og orðist þannig (viðbót skáletruð):**

Úrskurðir aganefndar taka gildi kl. 12:00 á hádegi næsta föstudag. Óheimilt er að taka út refsingu, áður en úrskurður tekur gildi, *nema um sjálfkrafa leikbann sé að ræða. Úrskurður um þyngri refsingu vegna brottvísunar, þ. e. úrskurður um fleiri leiki í bann en kveðið er á um í 5.2., tekur ávallt gildi kl. 12:00 á hádegi næsta föstudag.*

*Skýring:*

Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða heldur nákvæmara orðalag.

#### **Aganefnd KSÍ**

Tillögunni var vísað til laganefndar.

- Álit laganefndar flutti Þórarinn Gunnarsson.

Nefndin lagði til að tillaga á þingskjali 16 yrði samþykkt.

**Tillagan var samþykkt samhljóða.**

---

### Þingskjal 17

- Framsögu hafði Lúðvík S Georgsson.

#### **TILLÖGUR FRÁ MILLIÞINGANEFND KSÍ um eftirlit með framkvæmd á reglugerðum KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna**

Á síðasta ársþingi KSÍ var ákveðið að skipa 5 manna milliþinganefnd “sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin skoði sérstaklega þróunina í sömu málum í nágrennalöndum okkar.” Nefndin skyldi gera fyrir næsta ársþing tillögur, sem hún telur ástæðu til.

Í millipinganefndina voru skipaðir eftirfarandi:

Lúðvík S. Georgsson KSÍ, formaður  
Eggert Þór Kristófersson, Val  
Þorgeir Jósefsson, ÍA

Páll Bragason, Stjórnunni  
Guðmundur L. Gunnarsson, Ægi

Með nefndinni störfuðu að auki:

Geir Þorsteinsson og Birkir Sveinsson, starfsmenn KSÍ.

Nefndin hélt þrjá bókaða fundi og sendi út eitt dreifbréf til félaganna, þar sem hún bað um ábendingar um það sem betur mætti fara, og fékk töluverð viðbrögð, einkum varðandi lengd samninga og tímabundin félagaskipti. Nefndin kynnti sér sérstaklega hvaða þróun hefur orðið í nágrannalöndunum á undanförunum árum og alþjóðareglugerðum.

Nefndin leggur fram tillögur um eftirfarandi:

1. Að leyfð verði tímabundin félagaskipti innanlands, þó ekki til skemmri tíma en eins mánaðar og ekki lengri tíma en eins árs.
2. Skerpt sé á starfsreglum umboðsmanna.
3. Sambandssamningar verði almennt leyfðir til tveggja ára, óháð deild.
4. Leikmannssamningar verði leyfðir til fjögurra ára í Landssímadeildinni.
5. Óheimilt verði að semja sérstaklega um hámarksfélagaskiptagjald ef til félagaskipta til erlends félags kemur. Ákvæðið ásamt ákvæði um hlut leikmanns í félagaskiptagjaldi verði sett inn í samningsformið.
6. Millipinganefnd starfi áfram í þessum málum.

Nefndin telur að með þessum tillögum komi hún eftir megni til móts við helstu sjónarmiðin sem fram komu í ábendingum félaganna. Hún vill jafnframt benda á eftirfarandi:

1. Alþjóðareglugerðir setja ákveðnar skorður varðandi skilgreiningar í samningum og þeim verður að fylgja. Í sumum nágrannalöndum okkar hefur verið leyft að gera lengri atvinnumannasamninga (5-6 ár), en því hafa alls staðar fylgt mjög strangar fjárhagslegar skorður og eftirlit af hálfu viðkomandi sambands til að tryggja að félög geti staðið við skuldbindingar sínar. Það er skoðun nefndarinnar að ef ganga eigi lengra í þessum efnum, verði slíkt einnig að fylgja hér. Þá er rétt að fram komi að bæði í Noregi og Danmörku er Bosman-reglan komin í gildi innanlands, þannig að félagaskiptagjald greiðist ei, ef samningur er útrunninn. Sambandssamningurinn er hins vegar í eðli sínu áhugamannasamningur og því erfitt að teygja hann lengra. Nefndin taldi þó rétt að allir sætu við sama borð og gætu samið til tveggja ára.
2. Ef leyfa á meira frjálsræði í tímabundnum félagaskiptum eða "láni" leikmanna en hér liggja fyrir tillögur um, þarf að skoða málið alveg frá grunni og frá mun víðara sjónarhorni en hér er gert. Þar þyrftu að koma inn möguleikar á að félög gerðu með sér sérstakt samkomulag um samvinnu, væntanlega á þann hátt að annað/minna félagið virkaði sem uppeldisfélag fyrir hitt, þó að bæði félög sæu sér hag í fyrirkomulaginu. Slíkt gerir kröfu um nýja reglugerð um tengsl félaga og samninga þeirra á milli um þetta, þar sem tekið yrði á ýmsum vandamálum og settar yrðu skorður vegna mögulegra hagsmunaárekstra.

Millipinganefndin

**1**

**Lagt er til að tímabundin félagaskipti innanlands verði leyfð með ákveðnum takmörkunum.**

**Tillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna**

**Lagt er til að við fyrstu setningu í 4. grein í kafla A, bætist eftirfarandi:**

.....til og með 31. júlí, *sbr. þó greinar 5 og 6 um tímabundin félagaskipti.*

**Lagt er til að inn komi nýjar greinar nr. 5 og 6 í kafla A, en núverandi 5. grein verði 7. grein o.s.frv.:**

**Ný A. 5.**

Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti til annars félags fyrir leikmann sem er á leikmannssamningi. Samkomulag um slík félagaskipti skal gert á eyðublað útgefið af skrifstofu KSÍ (Tilkynning um tímabundin félagaskipti) og undirritað af samningsfélagi leikmannsins, félagi sem fær leikmanninn til sín og leikmanninum. Á tilkynningunni skal koma fram lokadagsetning félagaskipta, þ. e. hvaða dag leikmaðurinn skal snúa til samningsfélags síns. Leikmaðurinn skal fá keppnisleyfi með nýja félaginu degi eftir að tilkynningin hefur verið móttækin og skráningargjald greitt. Leikmaðurinn fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju degi eftir lokadagsetningu félagaskipta eða næsta virka dag þar á eftir. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og skal telja frá þeim degi sem keppnisleyfi er gefið út. Leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti með lokadagsetningu frá og með 1. ágúst fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 16. október sama ár. Hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera 12 mánuðir en lokadagsetning skal eigi vera síðar en 15. október. Heimilt skal að stytta tímabundin félagaskipti sem skráð hefur verið en þó skal lágmarkstími ævinlega vera 1 mánuður. Í slíku tilfelli skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Tilkynning um tímabundin félagaskipti jafngildir tilkynningu um félagaskipti bæði við upphaf láns og í lok lánstíma.

**Ný A. 6.**

Félög sem semja um tímabundin félagaskipti leikmanns skulu gera um það skriflegan samning sem fram koma kvaðir félaganna og hlutur leikmanns og skal hann undirritaður af báðum félögum og leikmanni. Komi til vanefnda af hálfu félags sem fær til sín leikmann með tímabundnum félagaskiptum skal samningsfélag leikmanns ábyrgt fyrir efndum á leikmannssamningi hans. Brot á ákvæðum þessum skal fara með skv. kafla H í reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna.

**2**

**Skerpt er á ákvæðum varðandi umboðsmenn:**

**Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ  
um samninga og stöðu félaga og leikmanna**

...félagaskipti milli landa. *Jafnframt skulu þeir starfa samkvæmt Reglugerð KSÍ um félagaskipti og Reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna.* Brot á þessu ....

**3**

**Lagt er til að almennt verði leyft að gera Sambandssamning til tveggja ára og leikmannssamning til fjögurra ára í Landssímadeildinni (breyt. taki gildi 1. mars 1999):**

**Tillaga um breytingu á  
reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna**

**Í 2. grein kafla verði eftirfarandi breyting:**

Setningin: “Félögum í Landssímadeildinni og 1. deild .....til eins keppnistímabils” falli burt, en í staðinn komi eftirfarandi setning:

*Sambandssamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en tveggja keppnistímabila.*

og í stað greinar I 3 a (grein 3 a í Sambandssamningi) komi eftirfarandi grein:

*Sambandssamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en tveggja keppnistímabila.*

**Í 3. grein í kafla B verði eftirfarandi breyting:**

Síðasta setningin: “Leikmannssamning er ekki heimilt .... sbr. þó næstu grein.” falli út, en í staðinn komi eftirfarandi setning:

*Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fjögurra keppnistímabila í Landssímadeildinni og allt að þriggja keppnistímabila í 1. deild, sbr. þó næstu grein.*

og í stað greinar J 3 a (grein 3 a í Leikmannssamningi) komi eftirfarandi grein:

*Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fjögurra keppnistímabila í Landssímadeildinni og allt að þriggja keppnistímabila í 1. deild karla, en ekki í öðrum deildum karla eða kvenna.*

**4**

**Lagt er til að banna að samið sé um hámarksfélagaskiptagjald við félagaskipti til erlends félags og að hlutur leikmanns í því komi fram í samningi (breytingar taki gildi 1. mars 1999):**

**Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ  
um samninga og stöðu félaga og leikmanna**

**Inn í kafla B komi ný 6. grein en núverandi 6. grein verði nr. 7, o.s.frv.**

*Óheimilt er að setja inn í samninga eða fylgiskjöl þeirra efri mörk á umsamið félagaskiptagjald við félagaskipti milli landa.*

**Eftirfarandi ákvæði komi inn sem nýr liður 3 b. í öllum samningsformum, þ.e. sem ný grein I3 b, J3 b og K3 b. Núverandi greinar 3 b verði 3 c o.s.frv.**

*Óheimilt er að setja inn í samninginn eða viðauka við hann ákvæði um efri mörk á félagaskiptagjaldi leikmanns við félagaskipti milli landa. Leikmanni er heimilt að semja sérstaklega um hlutdeild í félagaskiptagjaldi við félagaskipti milli landa. Samkvæmt samningi*



Þessum skal hlutur leikmanns vera \_\_\_\_\_ % (mest 10%, nema fyrir liggi sérstök heimild frá KSÍ um slíkt).

## 5

### Tillaga um millipinganefnd

Árþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að skipa 5 manna millipinganefnd sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin gefi skýrslu um stöðuna á næsta árþingi KSÍ og tillögur til breytinga á þeim ákvæðum reglugerðanna sem efni standa til.

#### Millipinganefnd

- Jónas Fjælsted tók til máls og lagði fram beytingartillögu sem merkt var þingskjal 17a.

#### Þingskjal 17 a

##### Lagt er til að ný A.5. hljóði þannig:

Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti til annars félags fyrir leikmann sem er á samningi (ath. ekki leikmannssamningi) .... Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 vika og skal telja frá þeim degi sem keppnisleyfi er gefið út. Leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti með lokadagsetningu frá og með 16. ágúst fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 16. október sama ár.

##### Greinargerð:

Heimild til að lána eða fá lánaða leikmenn er mikið hagsmunamál fyrir minni félögin. Þess vegna er mikilvægt að reglurnar séu þannig að raunverulega verði hægt að nýta sér heimildina með því að lágmarkstími verði ein vika og að lokadagur fyrir félagaskipti verði 15. ágúst. Ef lágmarkstími er eins langur og lagt er til í upphaflegu tillögunni óttumst við að félög leggi ekki í að lána leikmenn vegna þess að þá gætu þau lent í vandræðum vegna meiðsla og annars þegar líður á tímum. Vegna þess hve leiktímabil á Íslandi er stutt og liðin með fáa leikmenn til ráðstöfunar verða viðmiðunartímabil líka að vera stutt. Keppnistímabil íslenskra knattspyrnuliða hefst ekki af alvöru fyrr en í lok maí og líkur í lok september. Þetta eru aðeins 4 mánuðir. Með því að færa lokadagsetningu félagaskipta til 15. ágúst verður þriðjungur keppnistímabilsins eftir með óbreyttum liðum. Það verður örugglega erfitt að fá lánaða leikmenn út keppnistímabilið þrátt fyrir að lokadagsetning verði 15. ágúst. Ef hún er fyrr, verður það ekki aðeins erfitt, heldur algjörlega útilokað.

#### Gróttá

- Lúðvík S Georgsson tók til máls og hafnaði breytingartillögunni.

Tillögunum var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að tillaga á þingskjali 17 a yrði felld.

**Samþykkt var að fella tillögu á þingskjali merkt 17a.**

Nefndin lagði til að liður 1 í tillögunni yrði samþykktur með eftirfarandi breytingum á nýrri grein A.5:

„Félagi er heimilt að semja um tímabundinn félagaskipti til annars félags fyrir leikmann sem er á samningi samkvæmt reglum KSÍ.”

### **Liður 1 var samþykktur samhljóða með breytingu laganefndar.**

Nefndin lagði til að liður 2 í tillögunni yrði samþykktur.

### **Liður 2 í tillögunni var samþykktur samhljóða.**

Nefndin lagði til að liður 3 í tillögunni yrði samþykktur.

### **Liður 3 í tillögunni var samþykktur samhljóða.**

Nefndin lagði til að liður 4 í tillögunni yrði samþykktur.

### **Liður 4 í tillögunni var samþykktur samhljóða.**

Nefndin lagði til að liður 5 yrði samþykktur með þeirri viðbót að millipinganefnd geri m.a. tillögur fyrir næsta KSÍ þing um hvernig háttá skuli samningum og samvinnu milli félaga sem gera með sér sérstakan samstarfssamning um uppeldi og leikmannaskipti.

- Jóhannes Ólafsson þakkaði millipinganefnd fyrir góð störf og lagði til að tillagan yrði samþykkt.
- Örn Pálsson lagði til að breytingar yrðu gerðar á tillögunni.
- Páll Bragason vildi nánari skýringar á þeim tillögum.
- Lúðvík S Georgsson lagði til að tillögur til breytinga yrðu felldar.

### **Breytingartillögur við lið 5 voru felldar.**

### **Liður 5 í tillögunni var samþykktur samhljóða með breytingum nefndarinnar.**

---

## **Þingskjal 18**

- Framsögu hafði Halldór B Jónsson.

### **Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna**

### **Knattspyrnudeild Þórs gerir tillögu um að eftirfarandi greinar verði svohljóðandi:**

#### B. Samningsform og samningslengd.

B.2. Sambandssamning KSÍ er heimilt að gera til allt að tveggja keppnistímabila í öllum deildum karla og kvenna.

B.3. Leikmannssamning KSÍ er heimilt að gera til allt að þriggja keppnistímabila í öllum deildum karla og kvenna.

#### C. Staða félags sem gerir leikmannasamning.

C.5. Heimilt er að semja sérstaklega um að samningurinn falli úr gildi ef félagið fellur niður um deild. Slíks skal þá getið í skráðu fylgiskjali með samningi. Uppsögn byggð á þessu skal þá berast hinum samningsaðilanum skriflega fyrir 1. nóvember og afrit sendast skrifstofu KSÍ og tekur hún þá strax gildi.

D. Staða félags sem gerir sambandssamning.

D.4. Heimilt er að semja sérstaklega um að samningurinn falli úr gildi ef félagið fellur niður um deild. Slíks skal þá getið í skráðu fylgiskjali með samningi. Uppsögn byggð á þessu skal þá berast hinum samningsaðilanum skriflega fyrir 1. nóvember og afrit sendast skrifstofu KSÍ og tekur hún þá strax gildi.

E. Staða leikmanna.

E.1. Leikmönnum allra deilda karla og kvenna er heimilt að gera leikmanns- eða sambandssamning við félag.

I. Sambandssamningur KSÍ.

I.3. Almenn ákvæði.

I.3.a. Sambandssamning KSÍ er heimilt að gera til tveggja ára í öllum deildum karla og kvenna.

I.3.d. Heimilt er að semja sérstaklega um að samningurinn falli úr gildi ef félagið fellur niður um deild. Slíks skal þá getið í skráðu fylgiskjali með samningi.

Uppsögn byggð á þessu skal þá berast hinum samningsaðilanum skriflega fyrir 1. nóvember og afrit sendast skrifstofu KSÍ og tekur hún þá strax gildi.

Uppeldistímabil leikmannssamning KSÍ (fylgiskjal með leikmannssamningi KSÍ)

K.3. Almenn ákvæði.

K.3.a. Greinin verði óbreytt nema: Samning vegna uppeldistímabils leikmannssamning KSÍ er heimilt að gera til allt að þriggja keppnistímabila af félögum allra deilda karla og kvenna, Sami einstaklingur getur....

K.3.d. Heimilt er að semja sérstaklega um að samningurinn falli úr gildi ef félagið fellur niður um deild. Slíks skal þá getið í skráðu fylgiskjali með samningi.

Uppsögn byggð á þessu skal þá berast hinum samningsaðilanum skriflega fyrir 1. nóvember og afrit sendast skrifstofu KSÍ og tekur hún þá strax gildi.

*Skýring:*

Núverandi reglugerð gerir félagi sem fellur í 2. deild erfitt fyrir um að halda áfram uppbyggingarstarfi félagsins ef það missir stóran hluta framtíðarleikmanna sinna til liða í efri deildum.

**Þór A.**

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að tillögunni yrði vísað frá.

**Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu að vísa tillögunni frá.**

**Þingskjal 19**

**Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ  
um félagaskipti leikmanna**

**Við 4. grein A. Almennra ákvæða bætist:**

Þó mega 2 félög úr sitt hvorri deildinni gera með sér lánssamning um ákveðinn leikmann eða leikmenn. Viðkomandi leikmaður/leikmenn mega þá skipta aftur í móðurfélagið fyrir 1. ágúst sama ár. Gjaldgengir eru allir leikmenn neðri deildar félagsins en einungis þeir leikmenn efri deildar félagsins sem ekki tilheyra þeim 11 leikmönnum sem leikið hafa flesta leiki á ÍM á yfirstandandi keppnistímabili. Sé um fleiri en 1 leikmann að ræða í 11. sætinu ræður leikinn mínútuþjöldi. Sé hann einnig jafn ræður leikþjöldi árið áður. Sé enn jafnt, ræður aldur, sá yngri raðast þá ofar.

Leikmenn skulu tryggðir/halda tryggingum sínum hjá efri deildarfélaginu og halda öðrum fríðindum sem þar er að hafa umfram. Félagið sem fær leikmanninn borgar félagaskiptin og allan ferðakostnað hans vegna keppni. Það útvegar honum einnig þá búninga sem þarf og aðgang að æfingum og keppni án endurgjalds.

Lánssamningurinn er opin til (og með) 31. júlí. Þann dag er síðasti möguleiki að setja lokadagsetningu á samninginn. Sé ágreiningur um hana ráða sjónarmið þess félags, sem leikmaðurinn var lánaður frá.

**Framherjar - Smástund**

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að tillögunni verði vísað frá.

**Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum að vísa tillögunni frá.**

---

**Þingskjal 20****Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ  
um félagaskipti leikmanna**

Kaflí A ALMENN ÁKVÆÐI:

Grein 4.

“Hafi leikmaður leikið í Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ á almannaksárinu, getur hann aðeins einu sinni farið fram á félagaskipti innanlands til og með 31. júlí.”

**Skuli orðast:**

“Hafi leikmaður leikið í Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ á almannaksárinu getur hann aðeins tvisvar sinnum farið fram á félagaskipti innanlands til og með 31. júlí.”

**Fjölur**

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.

**Tillagan var samþykkt samhljóða.****Þingskjal 21****Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ  
um samninga og stöðu félaga og leikmanna****Kafla B SAMNINGSFORM OG SAMNINGSLENGD****A****Grein 2.**

“Sambandssamningur (amateur contract) (sjá kafla I): Öll félög geta gert sambandssamning við leikmann. Félögum í Landssímadeildinni og 1. deild karla er heimilt að gera sambandssamning sem nær til tveggja keppnistímabila, en félögum í 2. og 3. deild karla og Meistaradeild og 1. deild kvenna er aðeins heimilt að gera hann til eins keppnistímabils.”

**Skuli orðast:**

“Sambandssamningur (amateur contract) (sjá kafla I): Öll félög geta gert sambandssamning við leikmann sem nær til tveggja ára.”

**B****Grein 3.**

“Leikmannssamningur (non amateur contract) (sjá kafla I): Aðeins félög í Landssímadeildinni og 1. deild karla er heimilt að gera leikmannssamning. Leikmannssamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en þriggja keppnistímabila, sbr. þó næstu grein.”

**Skuli orðast:**

“Leikmannssamningur (non amateur contract) (sjá kafla I): Öll félög geta gert leikmannssamning. Leikmannssamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en þriggja keppnistímabila, sbr. þó næstu grein.”

**C****Kafla C STAÐA FÉLAGS SEM GERIR LEIKMANNASAMNING****Grein 5.**

“Ef félag fellur niður í 2. deild karla skulu allir leikmannssamningar þess renna út í lok keppnistímabils án nokkurar ábyrgðar fyrir hvorn aðila og félagið missir heimild til að gera leikmannssamninga. Þetta hefur þó ekki áhrif á reglur um félagaskipti.”

**Þessi setning falli út.**

**D****Kafla D STAÐA FÉLAGS SEM GERIR SAMBANDSSAMNING**

## Grein 4.

“Ef félag fellur niður í 2.deild karla skulu allir sambandssamningar þess renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila og félagið missir heimild til að gera leikmannssamninga. Þetta hefur þó ekki áhrif á reglur um félagaskipti.”

**Þessi setning falli út.****E****Kafla E STAÐA LEIKMANNA**

## Grein 1.

“Leikmönnum í Landssímadeildinni og 1.deild karla er heimilt að gera leikmannssamning við félag, en öllum leikmönnum er heimilt að gera sambandssamning við félag. Samningarnir geta eingöngu verið samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.”

**Skuli orðast:**

“Öllum leikmönnum sem náð hafa tilskildum aldri er heimilt að gera leikmannssamning eða sambandssamning við félag. Samningarnir geta eingöngu verið samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.”

Auk þessa þarf að breyta öðrum greinum til samræmis við þetta. Þ.e. heimilt að gera sambandssamninga til tveggja ára og öll félög og leikmenn hafa rétt til þess að gera.

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að tillögur 21 A, B, C og E verði felldar. Tillaga 21 D verði samþykkt með þeirri viðbót að liður 3D í sambandssamning orðist þannig:

„Heimilt er að semja sérstaklega um að samningur falli úr gildi ef félagið fellur niður um deild”.

Síðasta setning málgreinarinnar verði felld út.

„Ef félag fellur niður í 2. deild skal samningurinn renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila”.

**Tillaga A var felld með öllum greiddum atkvæðum gegn 1.**

**Tillaga B var felld samhljóða.**

**Tillaga C var felld samhljóða.**

**Tillaga D var samþykkt samhljóða með breytingum nefndarinnar.**

**Tillaga E var felld samhljóða.**

## Þingskjal 22

- Frumsögu hafði Halldór B Jónsson.

### Tillaga til ályktunar um Meistarakeppni KSÍ

Árþing KSÍ 1999 heimilar stjórn KSÍ að fella niður um skeið Meistarakeppni karla og kvenna, án þess að ákvæði um keppnina í Reglugerð um knattspyrnumót verði felld úr gildi.

#### *Greinargerð:*

Hér er lagt til að ekki verði leikið í Meistarakeppni karla og kvenna á næstunni, án þess þó að leggja keppnina formlega niður.

Ekki hefur tekist að hefja keppnina til vega og virðingar að hausti, eins og að var stefnt. Erfitt getur reynst að fá boðlega grasvelli fyrir keppnina á þeim tíma. Bikarúrslitaleikur færast nú sennilega að staðaldri aftur fyrir Íslandsmót og verður hinn eðlilegi lokaleikur leiktíðarinnar á grasi. Deildarbikarinn hefur fengið sinn sess að vori og því ekki æskilegt að færa Meistarakeppnina til vors að nýju.

Gervigrasvöllurinn í Laugardal verður lagður nýju gervigrasi sumarið 1999, sem uppfyllir vonandi nútíma kröfur. Völlurinn er með aðstöðu fyrir áhorfendur og gæti því hugsanlega orðið valkostur sem leikvöllur fyrir keppnina.

Engu að síður er lagt til að keppnin verði felld niður, þar til fullkomið knattspyrnuhús verður tekið í notkun. Þá mætti finna Meistarakeppninni verðugt hlutverk, t. d. árlega við upphaf nýrrar leiktíðar í febrúar.

### Stjórn KSÍ

Tillögunni var vísað til laganefndar.

- Álit laganefndar flutti Þórarinn Gunnarsson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.

- Jóhannes Ólafsson vildi reyna til þrautar að koma leiknum fyrir.
- Halldór B Jónsson skýrði málið frekar.

**Tillagan var samþykkt samhjóða.**

---

## Þingskjal 23

Tillaga á þingskjali 23 var dregin til baka.

**Þingskjal 24**

- Framsögu hafði Árni Guðmundsson.

**Tillaga til ályktunar**

**Lagt er til að reglum um Íslandsmót í eldri flokki karla verði breytt þannig:**

- Keppni hefjist í júníbyrjun.
- Keppni standi yfir tímabilið júní – ágúst með tveggja vikna hlé í kringum Pollamót Þórs á Akureyri (fer fram fyrstu helgi í júlí).
- Leiktími verði 80 mín. (2 x 40 mín.)
- Leikið verði í tveimur riðlum nema fjöldi þátttökuliða fari fram yfir 20.
- Fjögur lið leiki í úrslitakeppni; ef leikið er í tveimur riðlum fari tvö efstu lið í hvorum riðli í úrslit, en ef leikið er í þremur riðlum fari sigurlið hvers riðils í úrslit ásamt því liði sem nær bestum árangri í öðru sæti í riðlakeppninni.

**KR**

- Andrés Pétursson tók til máls og studdi tillöguna.

Tillögunni var vísað til leikreglanefndar.

- Álit leikreglanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillögunni yrði vísað til stjórnar.

**Samþykkt var samhljóða að vísa tillögunni til stjórnar.**

**Þingskjal 25**

**Tillaga um nefnd  
um stofnun jöfnunarsjóðs vegna ferðakostnaðar  
hjá aðildarfélögum**

**Tilagan er þessi:**

KSÍ setji í gang nefnd um stofnun jöfnunarsjóðs vegna ferðakostnaðar hjá aðildarfélögum.

*Rökstuðningur:*

- 1) Ferðakostnaður félaga er að stór aukast og þá sérstaklega hjá landsbyggðarfélögum. Stærstu félögin sem eru með lið í öllum flokkum greiða ófáar milljónir í ferðakostnað.
- 2) Ekki veit ég hvort bæjarfélög á landsbyggðinni veiti ferðastyrki, en staðfest er að Reykavíkurborg veitir ferðastyrk sem er 40% af ferðakostandi viðkomandi félags. Allir sjá í hendi sér að félögum er mikið mismunað eftir búsetu á landinu góða, Íslandi!!
- 3) Rekstur margra knattspyrnudeilda úti á landsbyggðinni gengur erfiðlega, og er þáttur ferðakostnaðar stærsti liðurinn.
- 4) Samvinna við önnur sérsambönd, (HSÍ, KKÍ) ÍSÍ og ríkisvaldið gæti gert þetta að veruleika.

**KA - Jón Pétur Róbertsson**

Tillögunni var vísað til fjárhagsnefndar.



- Álit fjárhagsnefndar flutti Andrés Pétursson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði felld.

- Jóhannes Ólafsson ræddi um ferðakostnað í kringum mót og landsliðsæfingar.
- Stefán Gunnlaugsson var mótfallinn afgreiðslu nefndarinnar.
- Geir Þorsteinsson gerði grein fyrir sínum afskiptum af tillögunni.
- Andrés Pétursson taldi þarft að ræða málin en orðalag tillögurnar leyfði ekki að hún yrði samþykkt.
- Jóhannes Ólafsson andmælti Geir.
- Sigmundur Þórisson var hlynntur tillögunni.
- Stefán Gunnlaugsson vildi skipa nefnd til að skoða málið.
- Örn Pálsson vildi skipa nefnd til að skoða málið og að KSÍ greiddi ferðakostnað á landsliðsæfingar.
- Jóhannes Ólafsson lagði fram eftirfarandi tillögu frá ÍBV:  
„Ársþing KSÍ 1999 leggur til við stjórn KSÍ að skipuð verði milliþinganevnd til að fjalla um jöfnun ferðakostnaðar fyrir þátttöku í mótum og landsliðsæfingum.”

**Tillaga ÍBV var samþykkt samhljóða.**

## Tillaga 26

### **Tillaga um breyttar starfsreglur um ráðningu landsliðsþjálfara KSÍ**

#### **Tillagan er þessi:**

Landsliðsþjálfari (öll landslið KSÍ) í knattspyrnu skal ekki undir nokkrum kringumstæðum starfa sem þjálfari eða sinna öðrum störfum fyrir knattspyrnufélag innan aðildarfélaga KSÍ.

#### *Rökstuðningur:*

- 1) Landsliðsþjálfari er oftast í fullu starfi á daginn í vinnu sem er óviðkomandi knattspyrnu. Að síðan þjálfari félagslið sem krefst minnst 4-5 æfingatilfella í viku, er lítisvirðing við landsliðsþjálfara. Kvartað hefur verið undan því að þessir landsliðsþjálfara sem starfa samhliða með félagslið sjáist afar sjaldan á vellinum til að fylgjast með framförum leikmanna.
- 2) Það er ekki nokkur vafi á því að það félag sem er með landsliðsþjálfara í vinnu, fær ókeypis auglýsingu til að laða til sín unga og efnilega knattspyrnumenn. Staðreyndirnar tala sínu máli.
- 3) Það skal tekið fram að við berum fulla virðingu fyrir þeim landsliðsþjálfurum sem starfa tvöfalt í þjálfuninni, og þessi tillaga hefur ekkert með þær persónur að gera. Þessi tillaga er lögð fram vegna mikillar neikvæðrar umræðu sem er í gangi innan aðildarfélaga KSÍ um þessi þjálfaramál, og sú umræða gerir ekkert annað en að skapa sundrunu í stað samheldni. KSÍ á að sjá til þess að landsliðsþjálfari sé algjörlega hlutlaus á allan hátt. Með þessu fyrrirkomulagi sem er í dag er KSÍ óbeint að skjóta sjálfan sig í fótinn og veikja ímynd sína fyrir aðildarfélögunum.
- 4) Það hlýtur að vera æðsta takmark og metnaður hvers þjálfara að verða ráðinn sem landsliðsþjálfari hjá einhverjum af landsliðum KSÍ. Þó laun landsliðsþjálfara séu ekki há sem hlutastarf, þá er ekki hægt að meta til fjár þá viðurkenningu sem felst í því að verða valinn til slíks starfs.

Ef KSÍ og starfandi landsliðsþjálfarar setja launamál sem rökstuðning fyrir núverandi fyrirkomulagi um ráðningu landsliðsþjálfarar, þá er viðingin fyrir því starfi enginn, og að sama skapi fær hvorki KSÍ né starfandi þjálfari þá virðingu sem þeim og starfið ver að fá. Allir sem eru með eðlilegt siðferðismat og þökkalega dómgreind ættu að skilja þessa afstöðu.

Með von um málefnalegar umfærðu um þetta mál, sem leiði af sér að ákvarðanir séu teknar sem skapa og leiða af sér jákvætt og gott umhverfi fyrir Íslenska knattspyrnu.

### KA

- Stefán Gunnlaugsson skýrði tilurð tillögunnar.
- Eggert Magnússon svaraði.
- Stefán Jóhann Stefánssontaldi að skerpa þurfi á siðareglum milli KSÍ og félaganna.
- Eggert Kristófersson tók til máls og taldi að það væri óþægilegt fyrir þjálfara hjá KSÍ að vera einnig þjálfara félagsliðs.

Tillögunni var vísað til fjárhagsnefndar.

- Álit fjárhagsnefndar flutti Andrés Pétursson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði felld en beindi því til stjórnar að settar verði siðareglur fyrir KSÍ, stjórn, nefndarmenn og starfsmenn.

- Kjartan Másson studdi tillöguna.
- Jón Pétur Róbertsson studdi tillöguna en taldi að orðalag hennar mætti slípa.
- Stefán Gunnlaugsson var ekki ánægður með störf fjárhagsnefndar.
- Halldór B Jónsson lagði til að tillagan yrði felld.
- Kjartan Másson lagði fram eftirfarandi tillögu:  
„Að þingskjal 26 verði sett í milliþinganefnd og settar verði skýrar reglur um ráðningu landsliðsþjálfara”.
- Andrés Pétursson skýrði málin frekar.
- Eggert Magnússon minnti á siðareglur UEFA og FIFA sem til væru.
- Guðjón Guðmundsson mælti gegn siðareglum.
- Andrés Pétursson sagði að sér hefði ekki verið kunnugt um siðareglur UEFA og FIFA.
- Einar Friðþjófsson mælti gegn tillögunni og siðareglum.
- Jón Pétur Róbertsson skýrði betur tillögu KA.
- Jóhannes Ólafsson minnti á að faglegi þátturinn þyrfti að vera í öndvegi.
- Sigmundur Þórisson vildi siðareglur.
- Ástráður Gunnarsson taldi tillöguna of harðorða.
- Halldór B Jónsson lagði fram skriflega tillögu um að málinu yrði vísað til stjórnar KSÍ.

**Þingforseti bar upp tillögu Halldórs B Jónssonar um að tillögunni yrði vísað til stjórnar og var það samþykkt með þorra atkvæða.**

---

Árni Þórðarson formaður kjörbréfanefndar tilkynnti að tala löglegra þingfulltrúa væri orðin 92 og þeir hefðu 103 atkvæði.

## Þingskjal 27

- Framsögu hafði Eggert Magnússon.

### Tillaga um millipinganevnd

Árþing KSÍ samþykkir að skipa 3 manna millipinganevnd sem fái eftirfarandi hlutverk:

1. Hefji viðræður við ÍSÍ um ákvæði í lögum KSÍ og ÍSÍ um val fulltrúa á knattspyrnuþing vegna bréfs ÍSÍ frá 15. janúar 1999 þar sem gerðar eru athugasemdir við aðferð þá er KSÍ notar.
2. Hefji viðræður við ÍSÍ um dómskerfi íþróttahreyfingarinnar og vinni að tillögum til einföldunar á kerfinu sem leiði til meiri skilvirkni.
3. Haldi áfram endurskoðun á lögum KSÍ og fjalli sérstaklega um gerðardóma, breytingar á meðferð brota gegn lögum og reglugerðum KSÍ og hlutafélög tengd knattspyrnufélögum.

Stjórn KSÍ skal skipa í nefndina og skal hún hefja störf í mars og skila niðurstöðum og/eða tillögum fyrir næsta árþing.

#### *Greinargerð:*

ÍSÍ hefur með bréfi, dagsettu 15. janúar 1999, gert athugasemdir við lög KSÍ. Í öllum tilfellum nema einu var um einföldun atriði að ræða sem bætt hefur verið úr. En þá er frá því greint að samkvæmt lögum ÍSÍ, grein 25.3.b, hafi sérsambönd um þrjár leiðir að velja við val fulltrúa á sérsambandsþing, þ. e. val miðist við fjölda iðkenda, féлага eða keppenda innan hvers héraðssambands/íþróttabandalags. KSÍ vill laga og haga lögum sínum í samræmi við lög ÍSÍ og með skipan þessarar nefndar skal leita leiða og ná fram niðurstöðu um breytingu á lögum KSÍ, eða eftir atvikum ÍSÍ þannig að ekki þurfi að leika neinn vafi á lögmæti þess hvernig fulltrúar eru valdir á knattspyrnuþing.

Dómskerfi íþróttahreyfingarinnar þarfnast endurskoðunar, einfalda þarf kerfið og helst að færa dómstóla til hvers sérsambands þannig að dómstólar innan KSÍ (á landsvísu) úrskurði í öllum kærnum vegna knattspyrnumála.

Millipinganevnd leggur fram á þessu þingi tillögu um breytingu á lögum KSÍ eftir endurskoðun. Nú er lagt til að þessi endurskoðun haldi áfram og skoðaðar verði leiðir til að leysa úr ágreiningsmálum og hvernig tekið skuli á brotum gegn lögum og reglugerðum KSÍ. Nefndin getur í því sambandi stuðst við reglur um aga- og eftirlitsnefnd UEFA. Hlutafélög tengd knattspyrnufélögum eru orðin staðreynd. Nefndin skoði hvort nauðsynlegt sé að setja einhver ákvæði þar að lútandi.

### Stjórn KSÍ

Tillögunni var vísað til laganefndar.

- Álit laganefndar flutti Þórarinn Gunnarsson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.

**Tillagan var samþykkt samhljóða.**

## Þingskjal 28

- Framsögu hafði Eggert Steingrímsson.

### Niðurstöður milliþinganefndar um fjármál knattspyrnuhreyfingarinnar

#### Inngangur

Á 52. ársþingi KSÍ á Akureyri var samþykkt að skipa 5 manna milliþinganefnd til að skoða fjármál knattspyrnuhreyfingarinnar. Nefndinni bar að skoða fjármál hreyfingarinnar í heild, fjárhagsstöðu félaga og KSÍ og umfang reksturs þeirra. Nefndin skyldi skila niðurstöðum og/eða tillögum fyrir næsta ársþing KSÍ.

Á stjórnarfundum 24. september 1998 voru eftirtaldir skipaðir í nefndina: Eggert Steingrímsson, formaður, Birgir Runólfsson, Elvar Guðjónsson, Elías Hergeirsson og Jóhannes Ólafsson. Starfsmaður nefndarinnar var Geir Þorsteinsson.

Gögn þau sem nefndinni voru tiltæk til að reyna að meta umfang og fjárhagsstöðu knattspyrnudeilda fengust hjá ÍSÍ. Hverju félagi (hverri deild) er skylt að skila niðurstöðum ársreikninga til ÍSÍ. Því miður er nokkur misbrestur á því auk þess sem smærri félög skila sum hver sameiginlegri niðurstöðu fyrir alla íþróttastarfssemi. Þetta leiðir til þess að upplýsingar þær sem nefndin fékk eru ekki að öllu leyti fullnægjandi og varð nefndin að áætla nokkra þætti í rekstri félaga þannig að heildarmynd fengist. Það er mat nefndarinnar að þrátt fyrir þessa annmarka séu niðurstöður nefndarinnar trúverðugar. Nefndin studdist við upplýsingar frá ÍSÍ fyrir rekstrarárin 1996 og 1997.

#### Umfang

Við skoðun á tekjum og gjöldum hefur nefndin skipt knattspyrnuhreyfingunni í fjóra hluta:

- a) KSÍ
- b) Félög í efstu deild karla (ED)
- c) Félög í 1. deild karla (1D)
- d) Önnur félög (ÖF)

#### KSÍ

Í rekstarreikningi fyrir 1997 kemur fram að 8 m. kr. halli var á rekstri sambandsins. Tekjur voru 149 m. kr. og gjöld 157 m. kr.

#### Efsta deild karla (ED)

Tekjur félaganna í efstu deild fyrir starfsárið 1997 námu alls 386 m. kr. og gjöld 359 m. kr. Upplýsingar fengust frá öllum félögum deildarinnar.

#### 1. deild karla (1D)

Tekjur félaganna í 1. deild fyrir starfsárið 1997 námu alls 173 m. kr. og gjöld 168 m. kr. Upplýsingar lágu fyrir hjá 7 félögum en nefndin áætlaði fyrir 3 félög.

#### Önnur félög (ÖF)

Tekjur og gjöld annarra félaga fyrir starfsárið 1997 voru hvort tveggja áætluð af nefndinni alls 190 m. kr. en upplýsingar liggja fyrir frá mörgum félögum. Í þessum hópi eru alls um 40 félög.

Af ofangreindu má sjá að heildartekjur knattspyrnuhreyfingarinnar fyrir starfsárið 1997 voru alls 898 m. kr. en heildargjöld 874 m. kr. Hiklaust má fullyrða að umfang hreyfingarinnar sé ekki undir

1 milljarði kr. þar sem ýmis útgjöld hennar eru greidd beint að iðkendunum sjálfum eða stuðningsfélögum og koma því ekki inn í reikninga félaganna. Þetta á einkum við yngri aldursflokka.

### **Vöxtur starfsseminnar**

Við samanburð á rekstrartölum fyrir starfsárin 1996 og 1997 kemur í ljós að veltan eykst verulega eða um 20%. Á sama tíma aukast gjöldin um 10% og má því segja að afkoma hreyfingarinnar hafi batnað. Eins og fram kom fyrir starfsárið 1997 skilaði knattspyrnuhreyfingin hagnaði þó lítil væri en 1996 var halli á þessum rekstri um 10%.

### **Fjárhagsstaða**

Erfitt er að meta fjárhagsstöðu knattspyrnuhreyfingarinnar. Kemur þar margt til en ljóst er að veruleg skuldasöfnun hefur átt sér stað í knattspyrnuhreyfingunni á fyrri árum og sum félög safnað verulegum skuldum. Þó taprekstri hafi verið snúið í hagnað á árinu 1997 þá skilar það sér ekki í betri fjárhagsstöðu félaganna. Þar kann að koma margt til en vandi fortíðar ræður þar mestu. Til þess að gefa einhverjar hugmyndir um skuldastöðu hreyfingarinnar hefur nefndin áætlað að heildarskuldarnar hafi verið um 400 m. kr. í lok starfsársins 1997.

### **Lokaorð**

Þannig benda þessar upplýsingar til þess að átak hafi verið gert í bættum rekstri félaga en hættumerkin eru að gjöldin halda áfram að aukast og spurning er hvort samdráttur í tekjum hefði jafnframt í för með sér jafnmikinn samdrátt í gjöldum.

Aðgerðir ÍSÍ og krafa ríkisvaldsins um upplýsingar úr bókhaldi íþróttafélaga og skil þeirra á staðgreiðslu, tryggingagjaldi, virðisaukaskatti svo og skil á launamiðum við áramót, hafa leitt til styrkari fjármálastjórnar og betra bókhalds en áður var. Þannig að fullyrða má, að þær upplýsingar sem nú fást frá félögunum um rekstur þeirra eru í flestum tilfellum bæði traustar og áreiðanlegar.

Niðurstöðum milliþinganefndarinnar var vísað til fjárhagsnefndar.

- Álit fjárhagsnefndar flutti Andrés Pétursson.

Nefndin lagði til að niðurstöðurnar yrðu samþykktar.

**Niðurstöðurnar á þingskjali 28 voru samþykktar samhljóða.**

## Þingskjal 29

Leita þurfti atkvæða til að bera ályktunina fram og var það samþykkt samhljóða.

- Eggert Magnússon hafði framsögu.

### Tillaga til ályktunar

53. ársþing KSÍ fagnar ákvörðun bæjarráðs Reykjanesbæjar um að reisa fyrsta knattspyrnuhús á Íslandi. Þingið sendir Reykjanesbæ hamingjuóskir um leið og það hvetur til þess að fleiri slík hús rísi á Íslandi á næstu árum.

### Stjórn KSÍ

Ályktuninni var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að ályktunin yrði samþykkt með breyttu orðalagi. Ályktunin hljóði svo:

„53. ársþing KSÍ fagnar ákvörðun bæjarráðs Reykjanesbæjar um að reisa fyrsta knattspyrnuhús á Íslandi. Þingið sendir Reykjanesbæ hamingjuóskir um leið og það hvetur til þess að fleiri slík hús rísi á Íslandi á næstu árum.“

**Ályktunin var þannig samþykkt samhljóða.**

---

## Önnur mál

Eggert Magnússon formaður KSÍ tók til máls og ræddi um mikilvægi þróðmennsku í leikjum innanlands og ekki síður í alþjóðlegum leikjum félags- og landsliða. Hann minnti á að Knattspyrnusamband Evrópu verðlaunar þau knattspyrnusambönd sem bestan árangur sýna í háttvísi í leikjum á þess vegum.

Eggert Magnússon afhenti Drago stytturnar, til ÍBV í Landssímadeildinni og til Fylkis og Víkings í 1. deild karla.

Eggert Magnússon afhenti ÍBV kvennabikarinn.

Stefán Gunnlaugsson tilkynnti að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn KSÍ. Hann þakkaði fyrir gott samstarf við stjórn og starfsmenn KSÍ.

Sigmundur Þórisson tók til máls og skoraði á þingið að samþykkja áskorun um að Akureyrarvöllur yrði ekki lagður niður nema önnur og ekki síðri aðstaða yrði til staðar.

Eggert Magnússon studdi tillöguna.

Þingið samþykkti samhljóða svohljóðandi ályktun:

„Þing KSÍ skorar á stjórn Akureyrarbæjar að ekki verði tekin ákvörðun um að leggja Akureyrarvöll niður, án þess að jafngóð eða betri aðstaða verði fyrir hendi.”

Valdimar Friðriksson tók til máls og hvatti þingfulltrúa til að sækja óspart um styrki hjá bæjar- og sveitarfélögum.

Sigurður Baldursson, framkvæmdastjóri Íslenskra getrauna, hvatti aðildarfélög KSÍ til dáða í sölu getraunaleikja og kynnti nýtt sölukerfi.

## Kosningar

- Álit kjörnefndar flutti Viðar Halldórsson.

### Kosning aðalstjórnar til tveggja ára:

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda í aðalstjórn til tveggja ára og voru þeir sjálfkjörnir:

Ágúst Ingi Jónsson  
Björn Friðbjólfsson  
Eggert Steingrímsson  
Halldór B Jónsson

### Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda sem landshlutafulltrúa til eins árs. Tveir buðu sig fram frá Austurlandi og því fór fram kosning á milli þeirra.

Vesturland	Jakob Skúlason	
Norðurland	Rafn Hjaltalín	
Austurland	Björn Guðbjörnsson	40 atkvæði
	Guðmundur Ingvason	55 atkvæði
Suðurland	Jóhann Ólafsson	

Jakob Skúlason, Rafn Hjaltalín og Jóhann Ólafsson voru sjálfkjörnir. Guðmundur Ingvason náði kjöri fyrir Austurland.

### Kosning til varastjórnar til eins árs:

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda í varastjórn til eins árs og verðu þeir sjálfkjörnir:

Einar Friðbjólfsson  
Gunnlaugur Hreinsson  
Þórarinn Gunnarsson

### Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs:

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda sem varafulltrúa landshluta til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir:

Vesturland	Elías Jónatansson
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson
Austurland	Valgeir Kjartansson
Suðurland	Páll Leó Jónsson

### **Kosning fulltrúa á Íþróttapeing ÍSÍ:**

Nefndin lagði til að skipun fulltrúa á íþróttapeing verði vísað til stjórnar og var það samþykkt samhljóða.

### **Kjörnefnd gerir tillögu um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir:**

Aðalmenn	Hannes Þ Sigurðsson Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson Þórður Þorkelsson

### **Kjörnefnd gerir tillögu um eftirtalda í dómstól KSÍ til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir:**

Aðalmenn	Jón Steinar Gunnlaugsson Jón Gunnar Zoëga Guðmundur Jónsson
Varamenn	Gestur Jónsson Lúðvík Örn Steinarsson Guðmundur Þórðarson Helgi V Jónsson Jens Sumarliðason

### **Kjörnefnd gerir tillögu um eftirtalda í sérdómstóla KSÍ til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir:**

**Reykjanes**  
Halldór Frímannsson, Mosfellsbæ  
Ásbjörn Jónsson, Garði  
Gunnlaugur Magnússon, Hafnarfirði  
Lárus Blöndal, Garðabæ (til vara)  
Gunnar Vilbergsson, Grindavík (til vara)  
Kári Gunnlaugsson, Keflavík (til vara)



**Vesturland**

Gísli Gíslason, Akranesi  
Ingi Tryggvason, Borgarnesi  
Friðrik Friðriksson, Grundarfirði  
Eyjólfur Torfi Geirsson, Borgarnesi (til vara)  
Eiríkur Ólafsson, Borgarnesi (til vara)  
Pétur Kristinsson, Stykkishólmi (til vara)

**Vestfirðir**

Björn Jóhannesson, Ísafirði  
Bjarni Stefánsson, Hólmavík  
Magnús Hansson, Bolungarvík  
Haraldur Jónsson, Hólmavík (til vara)  
Valdimar Gunnarsson, Bíldudal (til vara)  
Jón Ólafsson, Hólmavík (til vara)

**Norðurland vestra**

Halldór Halldórsson, Sauðárkróki  
Stefán Ólafsson, Blönduósi  
Hörður Júlíusson, Siglufirði  
Jón Guðbjörnsson, Hvammstanga (til vara)  
Páll Ragnarsson, Sauðárkróki (til vara)  
Kristinn Guðmundsson, Stað Hrutafirði (til vara)

**Norðurland eystra**

Arnar Sigfússon, Akureyri  
Ingólfur Freysson, Húsavík  
Kristján Sigurðsson, Hauganesi  
Baldur Dýrfjörð, Akureyri (til vara)  
Þorsteinn Þorvaldsson, Ólafsfirði (til vara)  
Gunnar Kárason, Akureyri (til vara)

**Austurland**

Hilmar Gunnlaugsson, Egilsstöðum  
Albert Eymundsson, Höfn  
Valgeir Kjartansson, Reyðarfirði  
Guðmundur Bjarnason, Neskaupstað (til vara)  
Björn Hafþór Guðmundsson, Stöðvarfirði (til vara)  
Sigurjón Bjarnason, Egilsstöðum (til vara)

**Suðurland**

Sigurður Sigurjónsson, Selfossi  
Sigmundur Stefánsson, Selfossi  
Birgir Sveinsson, Vestmanneyjum  
Magnús Bragason, Vestmannaeyjum (til vara)  
Þórarinn Ingólfsson, Selfossi (til vara)  
Ólafur Jónsson, Vestmannaeyjum (til vara)

**Millipinganefndir**

Nefndin lagði til að vísa skipun í nefndir til stjórnar KSÍ og var það samþykkt samhljóða.

**Lagt var til að eftirtaldir skipuð kjörnefnd og var það samþykkt samhljóða:**

Viðar Halldórsson, formaður  
Stefán Gunnlaugsson  
Páll Bragason

---

**Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.**

---

**Þingslit**

Þinginu sleit Eggert Magnússon formaður KSÍ.

Hann ræddi um tækifæri sem fylgdu nýrri öld og þeim björtu vonum sem henni fylgdu.

Hann þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir þeirra störf og bauð nýja stjórnarmenn velkomna.

Hann þakkaði þingforsetum og þingritara fyrir störf þeirra svo og starfsfólki KSÍ fyrir góð störf við undirbúning þings.

Að því loknu sleit Eggert Magnússon 53. ársþingi KSÍ.

Sveinn Jónsson  
1. þingforseti

Ingvi Guðmundsson  
1. þingritari

Árni Þórðarson  
2. þingforseti

Klara Bjartmarz  
2. þingritari